Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E 1944

Víðförull – Bekkjarblað – 13 ára E  1944

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is

Ýmislegt

Nr. 5  Handskrifuð skólablöð úr Laugarnesskóla

1941 - 1944

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Víðförull

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



# VÍÐFÖRULL.

Bekkjarblað 12 ára E.

1944.



534. 1.SE.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VÍÐFÖRULL.

## 1. TÖLUBL. 3. ÁRG.

Ritstjórar: Kristín Sigtryggsd. Oddný Sp. Björnsd. Þórdís Sveinsd.

### Jólaleyfið

[illegible] man ekki hvernig jólaleyfið byrjaði. Ég held ég hafi annað hvort verið að lesa eða leika mér. En þegar leið að jólum, fór þá að minnka. Ég fór að sendast og bera gjafir og fleira. Á Þorláksmessu var ég niðri í bæ fram eftir kvöldinu að kaupa gjöf. Síðan rann aðfangadagur upp. Alltaf fanst mér hann lengi að líða. Klukkan 5 fóru við að búa okkur, því að klukkan sex ætluðum við í kirkju. Svo komum við heim úr kirkjunni og þá fórum við að borða fengum við steiktar rjúpur og ávextagraut á eftir. Síðan var kveikt á jólatrénu og við fengum gjafirnar fékk ég

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heil mikið. Ég nenni ekki að vera að telja það upp. Á jóladaginn fór ég niður í bæ til konu, og var ég þar mest allan daginn. Daginn eftir sungum við stelpurnar í kirkju, og þá um kvöldið fórum við Gulla niður í útvarpsal og vorum þar meðan barnatíminn var. Milli jóla og nýjárs gerði ég ekkert annað enn lesa og leika mér. Ég fór líka í bíó á mynd sem heitir Glaumbær. Ég skemmti mér vel um áramótin, eins og ég er vön. Sunnudaginn eftir nýjársdag fór ég ég [illegible] í bíó á mynd, sem heitir Móðurást. Svo fór ég svolítið eftir á mynd sem heitir Tarzan hinn ósigrandi. Ég fór á tvö böll og skemmti mér vel

Samið eftir Ásdísi Óskarsdóttir



# Stíll

Ég vaknaði á sunnudagsmorguninn. Það var fyrsti dagurinn af jóla-leyfinu. Ég gerði nú ekki mikið þann ~~dag~~., en alla dagana fram að jólum hafa víst fleiri en ég haft nóg að gera. Allir voru næstum á harðahlaupum í búðirnar. Ég fór oft niður í bæ, því að ég gat ekki keypt allt í einu þó að ég væri lengi, því að maður komst ekki að. Loks rann upp aðfangadagur jóla, þá hafði ég líka nóg að gera við að hjálpa mömmu að taka til. Klukkan ~~sex~~ var í kringum 6, þegar ég fór að skipta um föt. Klukkan 7 fór ég inn í Höfðborg til frænku minnar og borðaði þar og var svolítið fram-eftir kvöldinu. Þar kom jólasveinn og gaf öllum krökkunum í húsinu jólagjafir. Þegar ég kom heim þá fórum við að öll ganga

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í kringum jólatréð, svo fórum við í ýmsa (jólaleiki) jólaleiki. Ég var búin að fá margt í jólagjöf. Á jóladaginn skemmti ég mér vel. Við gengum kringum jólatréð og sungum, svo hlustaði ég á barnatíman í útvarpinu, og mér þótti hann skemmtilegur. Ég fór á tvær jólatrésskemmtanir í fríinu og skemmti mér þar vel. Svo var jólafríið á enda, og hef ég ekki meira að segja.

Samið eftir Aldísi Þóru Björnsdóttir



## Gamlársdagurinn

Á gamlársdaginn þótti mér fjarska gaman. Um kvöldið kl. 6 byrjuðum við Sigurður bróðir minn að spila. Við spiluðum mörg spil t.d. lauma, marías, kasjón, tveggja manna víst og tveggja manna gosa. Við hættum ekki fyrr en kl. 10 hálf tólf. Þá gaf pabbi okkur 25 kínverja, 15 stjörnuljós og 3 knöll. (Inga-í) Inni í mínu var einhver lengja, sem ekkert er hægt að skrifa nota. Inni í Siggu var rauð blaðra, og í Ingu var fjarska ljót gríma. Við fórum út kl. hálf tólf og byrjuðum strax að sprengja. Við sprengdum nokkuð af kínverjum og ætluðum okkur að geyma nokkuð af þeim, þangað til seinna um kvöldið. Kl. tólf komu flugeldarnir upp. Við vorum þá inni. Við hlupum út. En þegar við komum út, þá sprakk flugeldur beint fyrir ofan okkur. Við

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

héldum að hún myndi detta ofan á okkur og þutum inn í gang. Við förum rétt strax út aftur og kláruðum við ~~þá~~ að sprengja kínverjana. Við komum inn kl hálf eitt og þá fóru Siggi og Inga að hátta, en ég vakti til kl. hálf tvö. En þá fór ég að hátta. Ég varð andvaka og sofnaði ekki fyrr en kl. hálf fimm.

Samið hefur Halldóra Erla Tómasdóttir.

Gamlárskvöld

Það er oft gaman á gamlárskvöld þó hlakkar krakkarnir ekki eins mikið til eins og til jólanna. Í gamla daga var það sagt, að huldufólk flytti sig alltaf á gamlársnótt þess vegna var alltaf látið lifa ljós



alla nóttina eins og jólanóttina, og víða er það gert enn. Nú er aldrei talað um huldufólk. Þetta kvöld er alltaf mikil læti í bænum því að strákarnir eru alltaf að gera prakkarastrik. Það er eins og öllum og þá sérstaklega strákunum finnist það sjálfsagt að láta svona illa þetta kvöld. En ekki veit ég af hverju það er.

Samið hefur Guðlaug Konráðsdóttir

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Nýjárið

Árið 1944 er nú að byrja. Ég man nú ekki hvar ég var á nýjársdag, en ég man það að ég var ekki heima.
Ég hef nú lítið gert á þessu ári.
Áður en skólinn byrjaði var ég annað hvort að hjálpa mömmu eða einhvers staðar úti. Mér leiddist nú hálfpartinn, þegar skólinn var ekki. Ég kunni ekki við mig. Mér fannst ég ekkert hafa að gera. Þess vegna varð ég nú fegin, þegar ég fór að fara í skólann aftur.
Þá hefur maður alltaf nóg að lesa og skrifa og margt annað.
Svo hef ég nú líka farið á skauta, og þótti mér gaman. Ég fór með Guðlaugu Konráðs og Oddnýju Björnsd.
Svellið var ekkert gott. En þegar við vorum búnar að vera góðan tíma



á skautum, fórum við í snjókast, og þótti okkur það ákaflega gaman.
Við urðum talsvert blautar og fraus hárið á mér og húfan mín því að við veltum okkur uppúr snjónum og vorum ekkert að hugsa um það, þó að við blotnuðum svolítið sokkarnir á Laugu og Oddnýju frusu líka. Við skemmtum okkur ágætlega og hitnaði okkur við þessi læti. Við fórum líka daginn þar á eftir á skauta en þá fóru flestir krakkarnir úr bekknum. Mér fannst ekki eins gaman þá. Við fórum nú lítið í snjókast þann dag. Ég hef nú gert ýmislegt annað á þessu nýbyrjaða ári, sem ég get ekki talið hér upp.

Samið hefur Kristín Sigtryggsd.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Gamlárskvöld

Það var komið gamlárskvöld. Við krakkarnir sátum inni í stofu að hlusta á messu í útvarpinu.
Úti var frekar vont veður og hált.
Við krakkarnir vorum í hátíðaskapi og öll í fínum fötum. Klukkan sjö fórum við að borða. Fengum við góðan mat. Og ég gat varla staðið upp fyrir ofáti. Þegar við vorum búin að borða fórum við krakkarnir út. Ég var ekki fyrr komin út um dyrnar þegar eitthvað puðrandi kom á móti mér og þá var það kínverji. Við skemmtum okkur vel og fórum í marga leiki. Það var klukkan níu þegar eitt atvik gerðist. Ég stóð á einni hitaveitubrú og var að horfa á blys sem krakkarnir voru með.



Stelpurnar sem ég var með voru komnar yfir brúna en ég stóð kyrr. Þá sé ég að stelpurnar hlaupa upp eftir, og ég sé, að það er eitthvað að. Mér er þá litið aftur fyrir mig og sé ég þá puðrandi kínverja fyrir aftan mig. Ég varð svo hrædd að ég komst ekki úr sporunum. Ég fór að spyrja stelpurnar af hverju þær hafi ekki sagt mér að það væri kínverji fyrir aftan mig. Þá kom það í ljós, að þær komu ekki orðunum út úr sér fyrir hræðslu. Ég fór inn til mín og við krakkarnir í húsinu fórum í marga skemmtilega leiki. Þegar klukkuna vantaði 5 mínútur í tólf, fórum við út til að sjá flugeldana. Ég taldi hátt á annað hundrað og svo nennti ég ekki að telja meira. Síðan fór

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ég inn og söfnuðust allir á miðbaðinni
í húsinu og fórum að syngja.
Svo háttaði ég þreytt um kvöldið.

Samið eftir Ásdísi Óskarsdóttir

## Félagar.

Það var á einum íslenzkum sveitabæ, að saga þessi gerðist. Á bænum voru tveir drengir, sem nefndust Ingvar og Salli. Þeir voru góðir vinir. En það voru líka aðrir félagar á þessum bæ, hvolpurinn, Tryggur og heimalingurinn Bjartur. Hann var mjallahvítur. Þeir léku sér saman, og léku alls konar listir. Og það vant þótti þeim hvor um annan að þeir máttu aldrei af öðrum sjá. Mamma Bjartar dó rétt eftir að hann fæddist. Og eftir það var hann á bænum.



Þegar hann langaði í mjólk, kom hann jarmandi til Ingvars og Salla og þeir gáfu honum að drekka úr skál. Eitt sinn kom Tryggur til þeirra með sorgarsvip, en Bjartur var ekki með honum að venju. Hann reyndi á allan hátt að láta þá elta sig og loks tók hann til fótanna og hljóp alla leið inn að læk og Ingvar og Salli á eftir. Það stanzaði hann loksins og fór að gelta og krafsa í bakkann. Og þá heyrðu þeir að Bjartur jarmaði á móti, en það sem var undarlegast var, að jarmið virtist koma upp úr bakkanum. Þeir lögðust niður og lögðu eyrun við bakkann og heyrðu þeir þá jarmið greinilega. Bjartur hlaut að vera niðri í honum. Ingvar hljóp heim eftir skóflu og stakk hnaus úr bakkanum og kom þá í ljós, að hann var holur innan. Bjartur kom bröltandi upp um gatið og var brúnflekkóttur af mold. Opið sem hann hafði

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

troðið sér inn um, var svo lítið að hann
hafði ekki komist út um það aftur, því að
hann gat ekki snúið sér við.

Tryggur varð fjarskalega feginn, þegar hann
sá leikfélaga sinn aftur, er hafði verði að
troða sér inn í lækjarbakkann. Síðan fóru
þeir heim með Ingvari og Salla. Tryggur
fékk bein að naga og Bjartur fékk mjólk
að drekka. Og þetta endaði allt vel og það
var Trygg að þakka.

Samið eftir Inga Erlendsson



# VÍÐFÖRULL.

## 2. TÖLUBL. 3. ÁRG.

RITSTJÓRAR HÖRÐUR OG INGI

### Ferðalag

Það var laugardagur veðrið var gott ég var
að sendast í Leðurverslun Jóns Brynjólfssonar
ég ætlaði austur að Brattholti í Biskupstungum.
Ég fékk að fara heim kl 12 á hádegi, en bíllinn
fór kl 3 eh. Ég flýtti mér að búa mig. Bíllinn lagði
af stað frá Guðjóni Jónssyni.

Við stoppuðum í Hveragerði og einnig á Minni-
borg og tókum þar bensín.

En er austur að Vatnsleysu kom var mér komið
í annan bíl sem fór austur að Hveravöllum.
Bílstjórinn sagði að þá þyrfti ég ekki að ganga frá
Brúarhlöðum. En þaðan eru 4 km þangað sem
ég ætlaði.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þegar ég kom austur var verið að taka saman heyið.
Ég svaf þar tvær nætur.
Á mánudag kl 2 eh fór ég og annar strákur ríðandi út að Geysi.
Bíllinn fór kl 5 frá Geysi ég kom í bæinn kl 9 um kvöldið.

samið eftir Hörð Helgason

Skrítlur

Var ekki ráðalaus

Lítill snáði kom inn í búð og bað um að fá að nota síma
„Halló" sagði hann „Er það hjá Haraldi? Þið auglýstuð í vikunni sem leið eftir sendisveini. – Jæja, eruð þið búin að fá hann. Líkar ykkur vel við hann? – Nú, einmitt; það var ágætt. Verið þér sælir."



Drengurinn lagði frá sér heyrnartólið „Þarna brást þér vonin, góði minn," sagði kaupmaðurinn vingjarnlega.
„Ónei" svaraði stráksi kotroskinn. „Það var ég, sem fékk sendissveinastöðuna hjá Haraldi í vikunni sem leið, og ég fór bara svona að því að vita, hvernig þeim líkaði við mig.

Hörður Helgason

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Kettlingar

Einu sinni var köttur. Hann átti þrjá kettlinga. Þeir voru allir fresskettir. Einn þeirra hét Brandur, hann var bröndóttur. Einn hét Keli og einn Hosi. Nú ætla ég að segja frá fyrstu ferð Brands út í heiminn.

„Ó, hvað mig langar að sjá, hvað er á bak við opið þarna, sem opnast þegar mamma fer út," hugsaði Brandur litli.

Eitt sinn, þegar einhver hafði gengið út og skilið eftir opna hurðina, læddist Brandur út og fram í gang. Útidyrahurðin stóð opin. Brandur




læddist gætilega fram eftir ganginum, alveg steinhissa á umhverfinu.



Inni var hlýtt og bjart, en hér var dimmt og fremur kalt. Þegar Brandur var kominn að hurðinni og sá út, þá glenntust upp augun á honum, og klærnar komu ósjálfrátt fram úr felustað sínum.

„Óskaplega er veröldin stór," malaði í Brandi. Svo hentist hann út á túnið með stýrið beint upp í loftið. Svo mjálmaði, malaði og urraði hann alla kettlingasöngvana, sem hann kunni.

En þegar ólætin stóðu sem hæst, þá datt aumingja Brandur ofan í læk, og kárnaði nú gamanið. En rétt í því varð einum krakkanna á bænum gengið þar framhjá og sók hann eftir Brandi. Brandur var tekinn og farið með hann inn og hlúð að honum.

Nú fór Kela að langa út í heiminn. Hann var nú orðinn miklu stærri en Brandur, þegar hann fór að sjá sig um í heiminum. Keli litli stökk út um gluggann og upp á fjóspak og læsti klónum í bárujárnið,

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem þakið var klætt með. Keli hafði oft verið að
horfa á veröldina út um gluggann, en aldrei
haldið, að hún væri svona voðalega stór.
Hann starði og skimaði allt í kringum sig,
en greyið gætti sín ekki nógu vel og rann
niður þakið og datt — beint ofan í fjóshauginn.
Svo mikið var fallið, að hann fór nærri því
allur í kaf, svo að hann rétt gat dregið andann.
Til allrar hamingju var einn vinnumaðurinn
að fara þar fram hjá, og fylgdi hundurinn
honum eftir. Hann snuðraði um allt og fann
þá kisu litlu hálfkafnaða í fjóshaugnum.
Hundurinn fór að gelta, en vinnumaðurinn
sveiaði honum. En seppi linnti ekki
látunum fyrr en vinnumaðurinn kom.
Hann kom auga á Kela og bjargaði greyinu
og fór með hann inn, en kisa sleikti hann
allan, þangað til hann var orðinn alveg
hreinn.



Meðan kisumamma var að þrífa Kela, læddist
Hosi niður í kjallara og komst út um brotna rúðu.
Hann fór að engu óðslega og gekk óskóp gæti-
lega á tánum niður eftir stéttinni.
Fyrir neðan bæinn var hænsnakofi, og þangað læddist
Hosi inn og fór inn um gatið, sem hænsnunum
var ætlað. Þau ruku upp argandi og gargandi, en
stór og hvítur hani réðist á Hosa og goggaði í
hausinn á honum. Þá reiddist Hosi og hvæsti
og urraði, en það dugði nú lítið.
Hann fékk eitt vont högg í hausinn, sem haninn
gaf með væng sínum. Þá varð Hosi að flýja.
Þegar hann kom að hurðinni sá húsmóðirin
hann og tók í hnakkadrembið á honum og
fleygði honum inn og sagði nokkur ónotaleg
orð um leið: „Hvern fjárann eru þið kattar-
sneypurnar að stelast út svona litlir.“
Nú héldu Brandur, Keli og Hosi sig inni svo-
litinn tíma, meðan þeir voru að stækka.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Höfundur: Guðmundur H. Norðdahl 11 ára

Skrítnar auglýsingar

Rúm er til sölu hjá konu, sem hætt er að taka í sundur.

Göngustafur er til sölu hjá gömlum manni með silfurhandfangi.

Skrítla.

Þýzkur liðsforingi ætlaði einhverju sinni að draga dár að kaþólskum presti og sagði við hann: „Getur þú sagt mér, æruverðugi faðir, hver munur er á presti og asna?“

Það gat presturinn ekki; og liðsforinginn sagði þá: „Lítið þér nú á, herra prestur, asninn ber sinn kross á bakinu, en presturinn ber hann á brjóstinu.“

Já einmitt það,“ svarði prestur og hló.

„En getur þú þá sagt mér, hvaða munur er á þýzkum liðsforingja og asna?“

Liðsforinginn hugsaði sigt um stundarkorn, en varð svo að játa, að hann gat engu



svarað, eða sagt í hverju munurinn væri fólginn.

„Það get eg ekki heldur!“ sagði prestur og gekk burtu, sigri hrósandi.

Innfært af Inga S. Erlendssyni

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VÍÐFÖRULL.

## 3. TÖLUBL. 3. ÁRG.

RITSTJÓRAR EDDA ÁSDÍS AUÐUR

### Gamlárskvöld

Ég skemmti mér vel á gamlárskvöld. Ég fór til frænku minnar sem á heima uppi í bæ. Það var borðað kl 9 og var farið að spila á spil. þangað til klukkan 12. Þá förum við upp á loft til að sjá flugelda. Það er svo gaman að sjá þegar þeir koma allt í einu upp í loftið og kasta frá sér ljósum. Þau eru með ýmsum litum. Ég sá mest af rauðum, svo voru líka sum græn, gul, og blá. Svo voru líka margir krakkar með blys. Þau voru flest rauð.



En mest var nú sprengt af kinverjum.
Samið hefur og skrifað Edda Óskars 12 E.

### Ef ég væri forseti Íslands.

Ef ég væri forseti Íslands. þá mundi ég reyna að gera fólkið sammála. og láta það starfa saman að því að rækta landið. Ef við ferðumst um landið þá sjáum við. hvað mikið af því er óræktað. Þá myndi ég líka reyna að láta engan vera fátækan, svo enginn þyrfti að líða skort og allir hefðu nóg að borða, allir nóg að klæðast í og allir hefðu nóg húsaskjól það væri svo margt sem ég vildi gera. ef ég væri æðsti maður landsins, að ég gæti ekki talið það upp í einum skólastíl.

Vilhjálmur Steinn V
12 ára E.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Ef ég væri forseti.

Ef ég væri forseti yfir Íslandi,
þá myndi ég gera það sem
landinu væri ~~?~~ bezt í fallið.
Í fyrsta lagi: Það er að hafa
nóg af öllu svo sem matvælum,
svo að ekki væri lifað við
sult og seyru sem áður var gert
Að öðru leyti skyldu allir hafa
eitthvað að gera sem vettlingi
geta valdið til þess að hafa
ofan fyrir sér. Hér verður
ekki nefnd nema þetta, þó að
ýmsu öðru kunni að vera
ábóta vant. Þess skal getið
að síðustu, að ég hef
engan hug á því að geta orðið
forseti. Því síður konungur eða annað
slíkt

Óttar E Pálsson



## Stíll

Ef ég væri forsetafrú, þá myndi ég eiga heima
í stóru húsi og hafa stóran og fallegan garði
kringum húsið og mikið af trjám. Og svo myndi
ég hafa húsið á fallegum. Ég myndi líka eiga bíl,
sem ég myndi aka sjálf mér til skemmtunar. Ég
yrði líka hafa vinnustúlku og ég myndi borga henni
hátt kaup. Svo myndi ég eiga lítinn sumarbúst-
að sem ég yrði í á sumrin. Þar myndi ég hafa
gróðurhús og sundlaug. Ég myndi líka hafa sumar-
bústaðinn á fallegum stað, þar sem væri fallegt útsýni

Samið hefur Eva Björnsdóttir

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Ef ég væri forsetafrú

Ef ég væri forsetafrú. mundi ég eiga heima í stóru og fallegu húsi. Ég mundi eiga heima í öllu húsinu og hafa allt þokkalegt í kringum mig. því að mér leiðist þegar skítugt er í kringum mig. Stofustúlku og eldhússtúlku mundi ég hafa. Stofustúlkan ætti alltaf að ganga um stofurnar. en eldhússtúlkan ætti að elda matinn og það sem þarf að gera í eldhúsinu. Ég mundi hafa stóran blómagarð við húsið með margskonar blómategundum t.d. næturfjólu. sefbrúðu. fjalldala-fífill. baldursbrá. lakasjóð. blágresi. fjólu. holurt. gleym-mér-ei og stór tré. Ég mundi hafa stórt og fallegt gróður-hús í miðjunni. Svo myndi ég hafa tvo bekki sitt hvoru megin við gróðurhúsið. Inni í gróðurhúsinu mundi ég hafa ég hafa legubekk og borð og tvo stóla. Á sumrin mundi ég sofa í gróðurhúsinu. Ég mundi hafa setustofuna og dagsstofuna ~~n~~ niðri. Ég mundi hafa ~~sofa~~ svefnherbergið uppi og klæða skápinn þar.

Samið hefur Halldóra Erla



## Ef ég væri forsetafrú

Ef ég væri forsetafrú þá mundi ég gera margt. Ég mundi vera góð við allt fólk. Svo mundi ég gefa fátækum peninga. Ég mundi mundi líka kaupa mér bíl. en fyrst þyrfti ég læra á bíl. Svo þegar ég væri að fara niður í bæ. þá færi ég í bíl. En þá þyrfti ég ekki að panta. þá færi ég í mínum eigin bíl. Svo mundi ég láta byggja sumar-bústað til að vera í á sumrin. Og fyrir utan mundi ég hafa garð. Ég mundi gróðursetja allt kál. sem ég kann að nefna. Ég mundi líka ~~hafa~~ allskonar grænmeti. því að það er svo hollt. Svo skyldi ég hafa á öðrum stað blómagarð og tré. Ég mundi setja niður fallegustu blómin. Svo hefði ég ríbs- og jarðaber.

samið hefur Edda Óskarsdóttir

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Ef ég væri forsetafrú

Ef ég væri forsetafrú mundi ég hafa það reglulega gott. Ég mundi fara í leikhús á hverja sýningu í þjóðleikhúsinu er þá væri byggt. Ég mundi biðja leikfélagið að leika Óla smaladreng fyrir börnin mín. Ég mundi vera í sumarbústað á sumrin, og ætti hann að vera við Kálfaströnd í Mývatnssveit, því að fallegra landslag get ég ekki hugsað mér. Á haustin, þegar ég kæmi heim, mundi ég hafa dýrðlegar veizlur í höllinni minni í Reykjavík. Þá mundi ég bjóða mörgum jafnt ríkum sem fátækum Svo mundi ég bjóða Marteini heim til mín. Ég mundi troða svo í hann að daginn eftir mundi hann hringja til mín og segja. Ég get ómögulega kennt börnunum þínum í dag af því að ég hef svo mikla magapínu. Ég mundi láta Steinunni Guðmundsdóttur sauma fyrir mig allt því að í daglegu tali er hún kölluð Steinka saumakona. Ég mundi lifa eins og blóm í eggi það sem eftir væri æfinnar.

Samið hefur Ásdís Óskarsd



## Ef ég væri forseti

mundi ég eiga heima í stóru, hvítu steinhúsi með grænu þaki. Ég mundi hafa stórt fjós og hafa 3 fjósamenn sem eru þessir Gunnar, Kristján og Villi. Ég mundi hafa hesthús og 2 menn í því, sem eru þessir. Ingi og Árni. Ég skyldi hafa stóra skútu og hafa Guðmund, sem skipstjóra. 3 bíla væri gott að hafa. Bílstjórar myndu þá verða Albert, Magnús og Gunnlaugur. Ég myndi hafa litla listiflugvél, og flugmann mundi ég velja beztan, hann Örn sem ég mundi einnig hafa sem ráðsmann yfir öllu hjá mér. Ég mungi svo hafa Kristínu sem ráðskonu, síðan mundi ég hafa margar vinnukonur. Þegar ég væri búinn að koma öllu fyrir hjá mér, mundi ég oft fara í flugvélinni minni. Á skútunni mundi ég fara margar ferðir kringum landið. Ég mundi byggja stórt ráðhús í Reykjavík

Samið hefur.

Hr
forseti Hörður Helgason

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VÍÐFÖRULL.

## 4 TÖLUBL. 3 ÁRG.

Ritstjórar: Jóhann, Kristján, Magnús.

(~~Ferðalag~~)

(~~Það~~) Ef ég væri forseti.

Ef ég væri forseti Íslands og hefði vald
til þess að framkvæma það sem mér sýndist
myndi ég ~~bæta~~ bæta samgöngur á sjó,
landi og í lofti. Nýja millilandaskipin
verða bæði stór og sterkbyggð. Í þeim verða
bæði sundlaug og danssalur þar sem
fólkið getur skemmt sér á leiðinni. Eignnig
á að vera tennis og biljarsborð og margt
fleira. Einnig mindi ég kaupa til landsins
mikið af nýjum fiskiskipum, bátum og togurum
Stór slippur verður að koma, svo að skipin
þurfi ekki að bíða eftir plassi. Og svo þegar

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stóru vöruflutningaskipin koma að ~~affermast~~
að landi eiga þau ekki að affermast á sama
hátt og þau ~~efftir~~ gera nú heldur eiga stórir
kranar að standa ~~ð~~ tilbúnir í löngum röðum
Á landi þarf að breita og laga vegina svo
að samgöngur verði ekki eins strjálar ýmsra
landshluta Einnig myndi ég láta búa
flugvelli víðsvegar um landið, svo að maður
gæti farið á fám augnablikum hvert á
landið, væri. Ég myndi láta skipuleggja
Reykjavíkurbæ rífa gömlu timburkofana og
byggja stórhýsi í staðinn. Allt ætti að breitast
eftir þessum. Jarðyrkjuvélum yrði að fjölga
svo að ekki yrði eins erfitt fyrir bændur
að yrkja jarðir sínar Hér hef ég talið upp
það helsta sem ég kæmi í framkvæmd
en margt er þá ótalið.

samið hefur Árni Jón Pálmasson

skrifað hefur Jóhann Erlendur Óskarsson



Öskudagurinn

Á öskudagsmorguninn var ég að hjálpa systur
minni að selja merki fyrir Rauða kross Íslands.
~~Eftir~~ eftir hádegi, fór ég með vinstúlku minni
til Hafnarfjarðar og var það í fyrsta sinn
sem ég kom þangað. Við lögðum af stað
þegar klukkuna vantaði 30 ~~tíu~~ mínútur í þrjú
eftir hádegi og þurftum við að kaupa svolítið
sem fékkst þar en ekki hér. En þegar við
komum þangað voru allar búðir lokaðar vegna
jarðarfarar og átti ekki að opna þær, fyrir en
klukkan fjögur, snerum við því heim með sama
bíl. En klukkan fjögur fórum við aftur til Hafnar-
fjarðar, og þá var búið að opna búðirnar og
keyptum við svo það, sem við áttum að kaupa
En svo fórum við ~~að~~ skoða okkur um. Þótti
mér margt skrítið En svo fórum við heim og
man ég nú ekki meira

samið eftir Erlu Sigþórsdóttir

skrifað hefur Jóhann Erlendur Óskarsson

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Ef ég væri forseti.

Ég held að forsetastarfið sé nú ekki fyrir börn, en ef ég væri nú samt orðinn forseti mundi ég reyna að uppfylla starfið eftir beztu getu. Skólarnir kenna okkur, að við eigum að vinna störf okkar með einlægum vilja og af trúmensku. Líkur eru nú til að við losnum við Dani bráðlega og tökum öll mál í okkar hendur. Ég sem forseti mun benda löndum mínum á að hafa héreftir eins mikil sambönd við Ameríku eins og hægt er. Flugvélatækni þurfum við að iðka og hef ég hugsað mér að land okkar verði einn liður á norðurflugleiðinni. (~~norðurflugleið~~) Nú höfum við góðan her í grendinni. Hvort ég verð forseti eða annar óska ég landi og þjóð allrar blessunar.

Guðmundur G. Guðjónsson.



## Öskudagurinn

Á öskudagin var gott veður. Ég vaknaði klukkan 9 um morguninn, og um leið datt mér í hug það er öskudagurinn. Ég flýtti mér á fætur, því að á öskudaginn fara ~~allir~~ flestir snemma á fætur til þess að hengja öskupoka aftan í hvern annan. Ég saumaði marga öskupoka daginn áður, og átti eftir að setja títuprjóna í þá. Þegar ég var búin að setja títuprjónana í, þá skaust ég út. Á öskudaginn í fyrra ~~og~~ var hann afi hérna. Hvað sem ég reyndi að koma poka aftan í hann, þá gekk það ekki. Svo að ég hugsaði á þessa leið, þegar ég fór í kápuna. Nú skal hann fá að ganga með poka aftan í sér yfir þrjá þröskulda. Ég setti nú 5 poka inn undir kápuna, og ég sagði við sjálfa mig. Ég skal ekki fá einn einasta poka aftan í mig í dag.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samt fékk ég marga poka í mig þann daginn.
Og afi fékk að ganga með þrjá öskupoka aftan
í sér þann daginn

samið hefur: Ásdís Óskarsdóttir

skrifað hefur: Kristján Hjálmarsson.

## Ferð til Akraness.

Það var eitt sinn í fyrra að ég fór
upp á Akranes. Ég fór um morguninn í ágætu
veðri. Ég var mest uppi brú. Skipstjórinn stóð
við stýrið og beið þess að allt yrði tilbúið.
Jæja, loksins var allt til. Skipstjórinn hringir
niður í vél og spyr, hvort allt væri þar
í lagi. Skipar hann þá að leysa skipið
og er sett á hæga ferð aftur á bak frá
bryggjunni þar til hægt er að snúa skipinu
við er þá sett á hálfa ferð út um hafnarmynnið.
Þegar þangað ~~ég~~ er komið, er sett á fulla



ferð og tekin stefna á Akranes. Skipið ~~siglir~~ keyrir
á fullri ferð eftir spegilsléttum sjónum þar til
komið er út af Akraneshöfninni. Er þá hægt á
ferðinni, þar til komið er svo nálægt að
hægt er að kalla að bryggjunni. Er skipið þá
stanzað. Er þá kallað úr ensku skipi sem
lá þar við bryggjunna og bað okkur að bíða,
því að það væri að fara, því að það er vont
fyrir tvö skip að leggjast við (~~rönna~~) bryggjuna
og þar að auki var þetta stórt skip, svo að
þessvegna biðum við út í höfn, þar til það
fór, þá fórum við að bryggjunni. Fór ég í land
og skoðaði bæinn. Borðaði ég þar um borð í
skipinu og drakk, því að ég þekkti skipstjórann.
Fórum við svo af stað frá Akranesi seinnihluta
dagsins komum við um kvöldið og þótti mér
gaman að sjá Reykjavík alla upplýsta Lögðum
við svo skipinu við bryggju í Reykjavík

samið hefur Guðmundur Einar Guðjónsson

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Tjörnin

Tjörnin er talin með fegurðstu stöðum í Reykjavík. Í fyrra sumar fór ég oft meðfram tjörninni. Ég var að gæta lítils stráks. Ég varð alltaf að vera í Hljómskálagarðinum með hann. Strákurinn var svo æstur í fuglana á tjörninni. Einu sinni var ég niðri við tjörn. Ég var með stelpu. og var að tala var að tala við hana. Allt í einu heyrði ég óskaplega mikið óhljóð. Ég fór að athuga þetta, ég gekk að tjarnarbakkanum. Mér brá nú meira en lítið við, þegar ég sá strákinn vera kominn á kaf í forarleðju, alveg upp að mitti.

samið hefir Hulda Ágústdóttir.

## Um Öskudaginn

Öskudagurinn er jafnan á hverju ári. Hann er búinn að vera mjög vinsæll allt frá fornöld og til þessa. Á þessum dögum eru Öskupokarnir hengdir. Það var lengi gömul (hjátrú) þjóðtrú að Öskudagurinn ætti 18 bræður, það er að segja að 18 næstu dagarnir væru



eins og öskudagurinn sjálfur. Í katólskum sið á Íslandi var stráð ösku í þóhanna, og af því mun nafnið dregið. Ekki verður um þetta meira sagt, heldur skal líklega sagt frá síðasta öskudegi. en hann var sem kunnugt er hinn 23 febrúar. en fáir sáust þá með öskupoka á bakinu, og þess þykir mér líklegt að þessum sið fari hnignandi ár frá ári, og verði jafnvel að fullu hætter, eftir nokkur ár, að minnsta kosti benda öll líkindi til þess. þótt leitt sé.

samið hefur Óttar E Pálsson

## Skíðaferð.

Ég ætla að segja frá einni skíðaferð, sem ég fór í um daginn. Við lögðum af stað kl. 4 frá Austurvelli. Það var gott veður. Ferðin gekk sæmilega. En rétt fyrir ofan Kolviðarhól, var svo stór skafl á veginum, að einn bíllinn stóð fastur í miðjum skaflinum. Það fór langur tími í að koma upp úr en loksins tókst það með því að draga

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

upp með vír. Síðan var það haldið áfram upp að Skíðaskála þar vorum við á skíðum til kl. 4. Þá var haldið af stað heim. Við komum til Reykjavíkur kl. 6.

samið hefur Kristján Hjálmarsson.



# VÍÐFORULL

5 TÖLUBL. 3. ÁRG

Ritstjórar eru Erla Sigfúss, Eva Björns og (Guðlaug Konráðs)

## Tjörnin

Tjörnin er talin með fegurðstu stöðum í Reykjavík. Í fyrra sumar fór ég oft meðfram tjörninni. Ég var að gæta lítils stráks. Ég varð alltaf að vera í Hljómskálagarðinum með hann. Strákurinn var svo æstur í fuglana á tjörninni. Einu sinni var ég niðri við tjörn. Ég var með stelpu, og var að tala við hana. Allt í einu heyrði ég óskaplega mikið óhljóð. Ég fór að athuga þett, ég gekk að tjarnarbakkanum. Mér brá meira en lítið, þegar ég sá strákinn vera kominn á kaf í forleðju, alveg uppi að mitti. Ég henti mér niður í leðjuna, og stökk sömuleiðis, en samt

Víðforull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki eins og strákurinn. Ég þreif í hann, og fleygði honum upp á bakkann með miklum erfiðis munum. Svo fór ég sjálf upp á bakkann. Ég fór nú að verða alvarlega hrædd um, að ég fengi miklar skammir. Það dugði ekki að deyja ráðalaus, úr því að ég var komin á þurrt land. Ég fór nú að þurka mesta skítinn af honum, svo fór ég heim til mín. Ég færði strákinn úr sokkunum og skónum og þvoði þá í flýti og lét þá á ofn. Þegar þeir voru þurrir, færði ég hann í, og flýtti mér heim, til stráksins. Þá var hann orðinn sæmilega hreinn. Ég fékk ~~engan~~ engar skammir, þegar heim kom. Mér fanst að það veitti ekki af. að hirða tjörnina betur en hún er hirt. Tjörnin er ólíkt fallegri á



sumrin en á veturnar. En það er svo sem gaman á veturnar þegar ísinn er. Þá fer ég á skauta og skemmti mér bara vel.

Samið af Huldu Ágústsdóttir

skrifað af Erlu Sigþórsdóttir

Kölski

Sæmundur og kölski stefast á.

S.: Hvað frettist? K.: Illt eitt.

Er hríð? Já stríð.

Hverninn? Hvæsins.

Hvaðan? Norðan.

Er frost? Allgeyst.

Er snar? Grábar.

Er myrkt? Sótsvart.

Sést ei? Ónei.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Münchhausen

Hefur þú heirt sagt frá því hverning Münchhausen komst upp til tunglsins og svo aftur niður til jarðarinnar? Ég vil ekki ábyrgjast, að sagan sé sönn. Hann var þá í Tyrklandi og gætti byflugna soldánsins. Sem merki um tign sína hafði hann litla silfuröxi. Einu sinni fleigði hann öxi þessari frá sér, til þess að bjarga býflugu, sem tveir birnir höfðu ráðist á. Honum tókst að fæla birnina burt, en öxinni hafði hann fleygt með svo miklum afli, að hún komst alla leiðina til tunglsins. Honum þótti sárt að missa öxina, því að hann bjóst við, að soldán mundi ávíta sig, ef hún tíndist. Datt honum þá í hug að klifra upp tyrkneskt baunagrös, en þau verða, eins og kunnugt er, afar-há, og reyna á þann hátt að komast upp til Tunglsins



Honum tókst það líka, og fann öxina, en þegar hann ætlaði niður aftur, var grasið visnað. Fann hann þá kaðalspotta í vasa sínum, batt honum um tunglið og renndi sér síðan niður. Spottinn var of stuttur en þá tók hann hníf upp úr vasa sínum og skar í sundur kaðalinn fyrir ofan sig og batt við fyrir neðan. Með þessu móti komst hann nærri því nyður til jarðar, en þá slitnaði kaðalinn og hann fjéll til jarðar, og svo langt niður í hana, að hann varð að fara heim til að ná í skóflu, og grafa sig upp úr aftur.

Skrifað hefur Eva S Björnsdóttir

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Leikúrgertur (við sessunaut sinn): Þessi kona, sem leikur aðalhlutverkið, er lélegasta leikonan, sem ég hef nokkurntíman séð.

Sessunauturinn: Svo? Finnst yður það? Þetta er konan mín.

Leikhurgerturinn: Ég á við – hm – hlutverkið er svo erfitt vegna ~~þess~~ þess að höfundur leiksins hlýtur að vera einhver fabjáni eða asni

Sessunauturinn: Höfundur leiksins? Það er nú ég.

Skrifað hefur Eva. S. B






RITSTJÓRAR ERU Ö.H. V.S.V. Ó.E.

## HAFNARHÓLMINN

Sumarið 1941 var ég hjá ömmu minni í Njarðvík við Borgarfjörð (eystra). Á hvítasunnu vorum við boðinn að bænum Höfn, sem stendur hinummegin fjarðarins. Æðarvarp stóð þá, sem hæðst, og var okkur aðallega boðið til að skoða varphólma, sem er þar skammt frá landi og tilheyrir bænum ~~og~~ Hólminn dregur nafn af bænum og heitir Hafnarhólmi. Við lögðum af stað rétt eftir hádegi og fórum gangandi yfir svokallaðar Njarðvíkur-

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-skriður og ætluðum að næsta bæ, sem heitir Snotrunes.
Ég og frændi minn vorum sendir á undan inn í þorpið, sem
er nokkuð fyrir innan Snotrunes, til að útvega bát til að
flytja okkur yfir fjörðinn. Við fengum bátinn. Og þegar við komum
að Snotrunesi, var hitt fólkið komið. Við vorum síðan sett yfir fjörðinn
og allt gekk slysalaust. Við komum að Höfn um miðaftan. Þar var
tekið vel á móti okkur. Og eftir, að við höfðum (borða) þegið hressingu
fór húsbóndinn að búa sig út til að fara með okkur út í hólmann.
Rérum við þangað á sama bát, sem bóndinn átti. Hólminn er hár
úr sjó. Við urðum því að ganga upp krókótt einstigi. En að ofan er
hann fagurgrænn eins og tún. Mér þótti hólminn mjög
fallegur, Ég hef heldur aldrei séð svo marga fugla á einum
stað. Í hólmanum var hreiður við hreiður, og kollurnar voru
svo spakar að við gátum (strok) strokið þeim um bakið án
þess að þær hreyfðu sig, en blikinn var styggari, og flaug upp (við)
með miklum vængja-þyt. Þegar við vorum búin að skoða
hólmann héldum við aftur heim að Höfn og fengum
við þar æðaregg eins mikið og hver gat borðað. Það var
orðið áliðið dags, þegar við héldum heim-leiðis, og gekk



ferðin vel. Ég ætla að bæta (við) því við, að okkur öllum þótti
þetta mesta skemmtiferð. Örn Harðarson samdi og skrifaði (handlama)

Tjörnin

Tjörnin er einn með fegurstu stöðum í bænum, bæði
að vetrinum og sumrinu. Á veturnar er hún oft ísilögð,
og þá fer maður á skauta og rennir sér á sleða og
þar er fjarska gaman. En á sumrin verður dýralífið
á henni fjölbreytt. Um miðjan maí koma kríurnar,
en þær verpa í hólmanum, sem er í miðri tjörninni.
Þar verpa einnig endur og eru Stokkandarsteggirnir
lang fallegastir, þeir eru með grænleitan haus og hvítan
kringum hálsinn. Einnig verpa í hólmanum duggendur og urtir. Og fyrir nokkrum árum verptu
þar álftir, en ekki samt í stóra hólmanum, heldur
á litlum hólma sunnar á tjörninni. Í tjörninni
sjálfri eru bæði hornsíli og marflær og lifa
endurnar mikið á þeim. Nú er ég búinn að telja
upp helztu dýrin, sem lifa í tjörninni og á
henni, og er því bezt að ég skrifi eitthvað
um tjörnina sjálfa. Hún liggur í miðjum bænum

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Og er þar til mikillar prýði eins og ég gat um í bysjuninni. Og fyrir nokkrum árum rann lækur frá tjörninni, þar sem Lækjargatan liggur, og er reyndar *enn, en rennur bara í pípum neðan jarðar. Svo þegar stórstraums-flóð eru, rennur lækurinn öfugt. En það kemur af því að yfirborð sjáfar er þá hærra en yfir-borð tjarnarinnar. samið hefur {~~Herra~~ Herra sýsluskifari A. J. P.}

* – Ef ég væri fjósamaður

Herra forsetaefni Hörður Helgason hefur hugsað sér að hafa mig sem fjósamann hjá sér, ef hann yrði forseti. Ég hef hugsað mér að ef ég væri fjósamaður vildi ég helst vera þar, sem allt væri hreint og þrifalegt, og myndi ég gera allt það, sem ég gæti, til þess að kúnum liði vel og allt væri hreint í kringum þær, því að eftir því sem betur er hirt um þær, því betri verður mjólkin úr þeim og allt, sem unnið er úr henni.

– Herra fjósamannsefni Kristján M. Hjálmarsson.



Reykjavíkurtjörn.

Tjörnin er reglulega stór. Hún skiptist í litlu og stóru tjörn. Stóra tjörnin er nær skólanum, og í henni miðri er hólminn. Hann er frekar stór. Og á sumrin verpa kríurnar þar og veiða síli í matinn handa ungum sínum. En á veturnar er þar allt öðru vísi um að litast. þegar mikið frost er, þá frýs tjörnin og verður skautasvell á henni. Það er nú gaman að líta. Ég fer oft á skauta. Ég á hvíta skauta-skó með skautum festum að neðan í. Þegar skautasvell er, þá nota allir tækifærið og fara á skauta.

samið hefur fulmektug Edda Óskarsdóttir

Einn dag á Þingvöllum

Í sumar sem leið, var mér og bróður mínum boðið til vinar okkar á Þingvöllum. Um morguninn fórum við með pabba út að vegamótum Kjalar-ness og Þingvalla, svo kom bíll sem fjármála-ráðuneytið hefur í sinni þjónustu. Hann

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var að flytja starfsfólk ríkisbókbandsins uppí Mosfellssveit, og hann átti að aka okkur til Þingvalla. Við komum á áfangastaðinn þá kom vinur okkar á móti okkur. Svo gengum við að sumarbústað pabba hans. Við vorum allir í sólskins skapi. Það var gott veður. Við förum strax að leika okkur. Við vorum að veiða, en við fengum engan silung. Svo var kallað á okkur til að drekk. Við vorum fljótir að því, svo förum við að leika okkur til hádegis með dótið hans. eftir hádegi förum við í gönguför við förum inn að insta sumarbústanum. Hann á Skúli Thoroddsen. Hann er eins og meðal-stórt timburhús hér í bænum. Við förum niður í Hestagjá. Dagurinn var fljótur að líða. Eftir kvöldmat fórum við út á bát sem pabbi vinar okkar á. Við förum ~~seint heim~~ með frænku vinar okkar og systrum hans. Það var gaman.



Við förum seint heim um í sama bíl og ~~áðan~~ við komum í. Og svona endaði þessi skemtilegi dagur

smíð hefur Herra grósser Jóhann Óskarsson

Stíll

Tjörnin í Reykjavík er mjög mikil bæjar prýði. Hún er í suðurhluta bæjarins á fallegum stað. Á sumrin synda þar margar endur, og einstaka sinnum sjást þar svanir. Það er mjög gaman að sjá endurnar synda með unga sína fram og til baka og kenna þeim að synda. Úti í miðri tjörninni er hólmi, sem endurnar verpa í, og það er líka mikil kría. Inni í Hljómskálagarðinum eru svo tvær minni tjarnir, og eru þar líka endur. Oft á sumrin hafa bæjarbúar með sér brauðbita og gefa öndunum og ungunum þeirra. Á veturnar, þegar tjörnin frýs, er þar prýðilegt skautasvell. Þá safnast þar saman fjöldi fólks til þess að renna sér á skautum. Á kvöldin er tjörnin upplýst

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Og er þá dynjandi hljóðfæraslátttur

Samið hefur Guðríður Þorvaldsdóttir

## Skrítlur

Hjá súsminum: Já, þér eruð duglegur handverksmaður, Olsen segir gamla konan, — bæði fljótur og verklaginn.

— En það sem þér takið í viðgerð kemur aldrei frá yður aftur, og þá loksins þegar það kemur, þá er það svo skammarlega illa, sem þjer hafið gert.

~ ~ ~ ~ ~ ~ ~

— Hversvegna farið þér alltaf á alla þessa fyrirlestra?

— Jeg geri það einungis til þess að geta talað með.

— Svo-o. En truflar það þá ekki fyrirlesarana

~ ~ ~ ~ ~ ~ ~

— Jeg var að tala við Jón hann segist hafa sleppt í sig nýju skáldsögunni mína.

— En ég lét mér duga að geispa yfir henni.

~ ~ ~ ~ ~ ~ ~

— Viltu elska mig Þóri, og alltaf vera mér trúr?

— Hægan, hægar. Ekki nema eitt lotorð í einu

~ ~ ~ ~ ~ ~ ~



— Dóttir mín fær hundrað þúsund í heimanmund. Hvað getið þér gefið í staðinn?

Biðillinn: — Kvittun

~ ~ ~ ~ ~ ~ ~

— Heldurðu að sá tími komi nokkurtíma að friður verði meðal allara manna?

— Ó, sussu nei, það fellst konan mín aldrei á.

~ ~ ~ ~ ~ ~ ~ ~

skrifað hefur V. S. V.

## Tjörnin

Tjörnin er okkur til ómetanlegs gagns. Á veturnar iðkum við íþróttir á henni, til dæmis = Á sumrin er hún bænum til prýði. Kríur og stokkendur verpa í hólmann og fleirri fuglar. Í sumar, þegar ég kom hingað í bæinn, labbaði ég fram hjá tjörninni. Þar var kona að ganga með lítinn dreng. Hún var ~~með ref~~ í svartri kápu með ref hangandi á bakinu og með hatt, sem lafði ofan í augu. Hún var áreiðanlega fínni en hún Lára Ísaksen búðardama hans Börs Börssonar grósera í Öldurdal. Hún hafði

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bögul, undir hendinn. Í þessum böggli var vínarbrauð, sem hún var að gefa kollu, sem stóð við fæturnar á henni. Sú var ekki sygg. Hún borðaði úr lófa konunnar, og hreifði sig ekki. Þegar hún fór frá henni, hljóp drengurinn á eftir henni, og hún flaug út á blátt vatnið og synti þar glöð og ánægð.

samið hefur Gertrúður Jensdóttir

# VÍÐFÖRULL

7 tb. 3 árg.

## Öskudagurinn

Á öskudaginn var ágætt veður. Það voru margir ánægðir með það, því að það er sagt, að öskudagur eigi 18 bræður á föstunni, sem þýðir það, að 18 dagar á tímabilinu til páska verði eins góðir og öskudagur. Það er gamall siður að láta ösku í poka, sem stúlkurnar reyna að láta strákana bera án þess að þeir viti, en mörgum er nú ekki vel við það. En þeir reyna aftur á móti að láta stúlkurnar bera kolamola eða stein í poka. Mamma hefur sagt mér frá manni, sem var á sama bæ og hún, þegar hún var unglingur. Hann var svo var

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um sig að bera ekki öskupoka, að stúlkurnar sprettu fóðrinu á jakkanum hans og saumuðu öskupoka fastan inn á milli. Þannig gátu þær látið hann bera öskupoka. Ekki hengdi ég nú neinn öskupoka á öskudaginn, en ég saumaði marga fyrir litla krakka. Svo hef ég nú ekkert meira að segja um öskudaginn í þetta sinn.

Samið hefur Oddný Þóra Björnsdóttir

Öskudagurinn.

Ég skemmti mér vel á öskudaginn. Ég hengdi fullt af öskupokum aftan í karla. Svo fórum við tvær niður í bæ að hengja öskupoka. Við sáum einn karl, sem var víst með eina 12 poka aftan í sér. Svo bætti ég nokkrum við, og tvær lét hann hafa 2. Síðan fórum við í (x) strætó og fengum



við marga öskupoka aftan í okkur og ekki stóð á okkur, við hengdum á alla karlana, sem voru í bílnum. Svo vildi mér það óhapp til er ég var að hengja á einn karl, að ég stakk of fast, maðurinn hljóðaði upp og leit við og sagði, að ég mætti ekki stinga of fast. Svo voru pokarnir búnir. Þá fórum við heim að ná í fleiri. Þegar við vorum komnar út á götu, hengndum við á mann, en hann sá það og bað okkur að taka þá, en þá bættum við við nokkrum í viðbót. Svo fórum við út að leika okkur, og hengdum aftan á (karl) krakkana, en ekki borgaði það sig. Þegar ég kom inn fór mamma að segja mér, að ég væri með fullt af öskupokum aftan í mér. Þá voru þetta pokarnir, sem ég hengdi aftan í krakkana, og þau voru þá búinn að henga þá aftan í mig.

Samið hefur Edda Óskars

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ev ég væri fjósakona.

Ef ég væri fjósakona. þá mundi ég eiga 20 kýr til þess að ~~kaupa~~ hugsa um. Ég þyrfti að mjólka þær kvölds og morgna á veturnar mundi ég gefa þeim heyið inni. En á sumrin mundi reka þær ~~í ha~~ í haga. Og ef reglulega gott veður væri. þá færi ég með með mjólkurfötur þangað sem kýrnar væru það er að segja ef þar væri ekki því lengra í burtu. Svo mundi ég láta þær liggja úti. Ég yrði að moka flór og hirða básanna þeirra vel. Ef ég væri nú búin að vinna þetta starf / nokkuð lengi. þá væri mér sjálfsagt farið að leiðast starfið. Þá irði ég að reina að fá mér aðstoðar fjósakonu og mundi ég þá helst kjósa mér Ásdísi. En annars hugsa ég að ég irði ekki lengi við þetta fjósakonu embætti

samið eftir Huldu Ágústsdóttir



# Tvíburabræðurnir.

„Ó, mamma! Megum við ekki fara í bíó í kvöld? Það er verið að sýna svo skemmtilega mynd núna, — indíána, aflog og ýmislegt fleira skemmtilegt. Svo er líka alþýðusýning í kvöld, og allir drengir í okkar bekk alla að fara." Þetta sögðu tvíburarnir Þrössi og Friggi við mömmu sína. Þeir voru níu ára gamlir, með tindrandi augu og lápmiklir. Móðir þeirra var föl og mögur og kepptist við að sauma í vélinni. „Þið vitið, að ég hefi ekki ráð á því," mælti hún mæðulega. Síðan pabbi ykkar veiktist á ég fullt í fangi með að vinna inn fyrir mat handa okkur. Þið ættuð heldur að fara út í timburverzlunina og tína saman smáspýtur í eldinn. Kaupmaðurinn hefir leyft mér að taka eins mikið og ég þarf. Og það er góð björg, eins og eldsneitið er dýrt núna." En drengirnir létu eins og þeir heirðu ekki þessi málaleitan móður

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sinnar. "Og áður en hún hafði lokið máli
sínu, voru þeir búnir að setja upp húfurnar
og roknir á dyr. „En hvað mamma er alltaf
nízk," hreitti Frissi út úr sér. „Hvernig eigum
við að vinna okkur inn fyrir bíómiðum?
Ætli við ættum ekki að fara með sleðann
okkar ofan að stöðinni það getur skeð að
einhver þurfi að láta aka heim ferðatösku
sinni. Það lítur út fyrir, að það komi versta
veður, og þá er ekkjart sérlega gott að dragast
með farangurinn sinn." Drengjunum varð að
ósk sinni. Þeir rákust á glaðlegan stúdent
rétt við stöðinna, sem var að burðast með
stórdar ferðatösku. Hann var þakklátur
fyrir hjálpina og greiddi tvíburabræðrunum
krónu fyrir fyrirhöfnina. En þessi upphæð
nagði fyrir aðgöngumiðum og brjóstsykri, sem
þeir skiptu af mikilli nákvæmni á milli sín
Klukkan var næstum átta, þegar drengirnir



laumuðust inn í eldhúsið heima hjá sér.
Maturinn stóð á borði handa þeim. Móðir þeirra
gekk um þögul og sorgmædd á svipinn. Og faðir
þeirra lá á legubekknum inni í herberginu
og stundi af kvölum. Það var ekki sagt eitt
ávítunarorð. En drengirnir höfðu samvisku-
bit. Þeir settust við borðið og gæddu sér á graut-
num og mjólkinni, sem móðir þeirra hafði
skamtað þeim. Á meðan þeir mötuðust, ræddu
þeir af mesta kappi um það sem þeir höfðu
séð. En það gerðu þeir fyrst og fremst til að
deyfa ásakandi rödd samviskunnar. Þeir gutu
augunum flóttalega út í hornið. Þar stóð karfan
full af smáspýtum og spónum. Það leyndi
sér svo sem ekki, að móðir þeirra hafði þurft
að eyða sínum dýrmæta tíma til þessað tína
smáspýtur í kaldri timburgeymslunni. Þegar þeir
höfðu étið nægju sína og þakkað foreldrunum
fyrir sig, litu þeir snöggvast yfir það, sem þeim
var sett fyrir til næsta dags, og fóru svo að hátta.

Víðförull, bekkjarblað, 12 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Móðir þeirra lauk við að þvo matarílátin og taka til í eldhúsinu. Því næst tók hún peysu Frigga og sokka Frissa sem þurfti að bæta, slökkti á lampanum og gékk inn í herbergið til föður þeirra. Drengirnir gátu ekki sofnað. Það var þeirra verk að safna í eldinn! Nú hafði móðir þeirra orðið að vinna þeirra starf, ofan á allt annað. „Mamma hefði átt að ávíta okkur fyrir óhlýðnina," hvíslaði Friggi með samviskubiti að Frissa bróður sínum. Hún segir, eins og vant er, aldrei neitt, en er svo sorgmædd á svipinn." „Já, hefði hún að minnsta kosti gefið okkur löðrung, því að þeir eru ekki eins sárir hjá henni eins og kennaranum," sagði Frissi, sem ásakaði sig einnig. „Við höfum ekki einu sinni vit á að spara nokkra brjóstsykurs-mola handa pabba. Nú situr mamma og afreynir augun sín við jakkann þinn og sokkana mína. Ég skammast mín niður fyrir allar hellur!" „Og ég líka," andvarpaði Friggi. „Ég gæti best trúað því, að pabba hafi liðið með versta móti í kvöld.



Hann er ekki vanur að kveinka sér. En í kvöld lá við að hann gréti, þegar mamma var að bera á hann maksturinn, sem þessi hræðilega vonda lygt er af. Heyrðu — og mamma er líka að gráta!" Drengirnir héldu niðri í sér andanum. Samtal foreldranna heyrðist greinilega, þó að dyrnar væru lokaðar. „Þetta dugar ekki lengur," heyrðu þeir föður sinn andvarpa. „Þú eyðileggur heilsu þína á þessu, aumingja Anna mín! Þú saumar vestin bæði dag og nótt. Ég verð að segja upp húsvarðarstöðunni, fyrst ég hefi ekki lengur heilsu til að vinna. Andrés gamli á númer 32 hefir til þessa hjálpað okkur til að halda gangstéttunum hreinum. En þegar kingir niður svona miklum snjó, þá hefir hann hvorki mátt né getu til að komast yfir meira en það, sem honum ber. Drengirnir hefðu kannski getað hjálpað dálítið til, ef þeir hefðu verið eldri. En nú hugsa þeir aðeins um að skemmta sér, og gera ekki neitt til gagns. Guð einn veit, hvað fyrir þá kann að koma, þegar ég er rúmliggjandi.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og þeir fást ekki til að hlýða þér! Það er líklega best, að ég leggist í sjúkrahúsið, og þú flytjir til lögregluþjónsins, bróður þíns með drengina. Fátækraframfærið greiðir að sjálfsögðu fyrir mig. Og Grímur hefir sjálfsagt ráð með að temja óþekktarangana okkar." Við höfum nú búið hér í tíu ár, eða allan okkar búskap — og nú eigum við flytja!" sagði móðir þeirra grátandi. „Okkur hefir liðið svo vel hér og ætíð verið hamingjusöm, þangað til þú varst veikur. Og hvernig ætli fari, ef ég fer til Gríms, bróðurs míns? Hann er bráðlyndur og ókvongaður og hefur enginn skilyrði til þess að skilja börn. Aumingja drengirnir okkar!" Það fór kaldur hrollur um Frigga og Frissa. Faðir þeirra átti að fara á sveitina, og þeir og mamma ~~og~~ til lögregluþjónssins, móðurbróðir þeirra, sem var bæði feitur og önugur og allir drengir í borginni kölluðu hann, „Göltinn." Já, það var hræðileg til hugsun Og hvers vegna? Vegna þess að faðir



þeirra hafði ekki heilsu til að moka snjó og hugsa um að halda hreinum húsagarði og gangstétt. Og hversu oft höfðu þeir ekki hjálpað honum, aðeins af því að þeim fannst það svo gaman. Skyndilega datt þeim dálítið í hug, báðum samtímis. Ætli þeir gætu ekki unnið störf föður síns, ef þeir hjálpuðu bróðurlega að því? Það ætti ekki að vera svo mikið þrekvirki fyrir stóra og sterka stráka, sem orðnir voru níu ára og voru þar að auki þeir sterkustu í bekknum! Nú fóru drengirnir að hvíslast á, hvernig þeir gætu komið þessari góðu hugmynd í framkvæmd. Brátt urðu þeir sammála og bundu samkomulagið og fyrirætlunina ~~með~~ fastmælum með því að takast hátíðlega í hendur. Þá var nú þetta klappað og klárt. Sannur drengur svíkur aldrei það, sem hann hefur lofað, einkum ef hann hefur handsalað því! Friggi vaknaði, þegar klukkan sló fimm. Hann stökk á fætur, dró gluggatjaldið til hliðar og gægðist út. Óveðrinu hafði slotnað, og fullt tunglið skein í heiði. „Þetta er reyndar nokkuð snemmt." tautaði Friggi fyrir munni sér. „En ef ég leggst út af

Viðförull, bekkjarblað 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aftur, er ég viss um að ég sofna, og þá vakna ég ekki fyrr en mál er að fara í skólann. Nei; það verður ráðlegast að vekja Frissa, og svo förum við strax út að moka. Það hefir kingt niður miklum snjó í nótt, svo að það mun ekki veita af að byrja snemma." Eftir skamma stund voru drengirnir fullklæddir. Móðir þeirra hafði lagt inn til þeirra peysurnar og sokkana. Þeir tóku lyklana að áhaldarhúsinu og húsagarðinum, opnuðu dyrnar með gætni og laumuðust út. Þeir höfðu aldrei áður verið svo snemma á fótum. Tunglið skein að vísu skært. En allt var svo undarlega hljótt og skuggarnir svo dimmir og draugalegir" að drengjunum hraus hugur við. Þeir stóðu stundarkorn hikandi á tröppunum. Það var freistandi að fara aftur inn í ylinn í eldhúsinu. „Nei, þetta dugar ekki," sagði Frissi og hristi sig. „Að hika er sama og að tapa. Manstu hverju við hétum hvor öðrum? Nú förum við beint í áhaldahúsið og náum í snjórekurnar. Svo tökum við til óspilltra málanna, því að hér þarf að taka til hendinni!" Að svo mæltu stökk hann niður



tröppurnar og kafaði út að áhaldarhúsinu. Friggi fylgdi honum fast eftir. Það ískraði svo í lásgarminum, þegar Frissi opnaði, að hárin risu á höfðum bræðranna. En þeir vildu láta sannast á sig, að þeir væri huglausir. Þeir hertu upp hugann, fóru inn í húsið og fálmuðu fyrir sér í kolniða myrkrinu. Í einu horninu stóðu snjórekurnar. Það var sín handa hvorum. „Ég held, að við séum búnir með það versta," stundi Friggi upp, þegar þeir voru komnir út. „Hefðum við vellt einhverju um þarna inni, mundi ég hafa dáið úr hræðslu. Þú veizt að — —." „Þvaður!" sagði Frissi skjálfandi. „Það eru engvir draugar til, eins og þú veizt. En nú skulum við fara að vinna. Fyrst mokum við aðalgötuna fram að hliðinu, svo tökum við tröpp-urnar og gangstígana. Og af því búnu tökum við gangstéttina. Pabbi er vanur að taka það þannig." Drengjunum fannst þetta undarlegt, að þegar þeir byrjuðu að vinna, hættu þeir öllum hugarónum, og þeir fundu þá ekki til hræðslu lengur. Nó var af snjónum. En þegar klukkan í kirkjuturninum sló sex, voru gangstígarnir fagurlega mokaðir og tröppurnar

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

finsópaðar. Þá var húsagarðurinn búinn. Næst lá fyrir að fara út á götuna. En hvar var lykillinn af garðshliðinu? Drengirnir sneru hálfgrátandi við öllum vösum sínum. Pabbi þeirra mundi verða bæði hryggur og reiður, ef að þeir týndu lyklinum. Þeir gengu gætilega fram gangstíginn að garðshliðinu og athuguðu snjóinn báðum megin við hann en árangurslaust. „Nei; er lykillinn þá ekki hérna í skránni!“ sagði Friggi, sigri hrósandi. „Nú man ég, að mér þótti vissast að stinga honum í skrána, til þess að ég týndi honum ekki.“ Það var líka mikill snjór úti á götunni. En drengjunum óx það ekki í augum. Þeir unnu svo ákaft, að svitinn draup af þeim. „Þetta var laglega af sér vikið, drengir.“ sagði vingjarnleg rödd hinum megin við götuna. „Ég var einmitt í þessu að brjóta heilann um, hvernig ég ætti að komast yfir að hjálpa föður ykkar. En nú sé ég, að hann er búinn að fá duglega vinnumenn. Haldið þið bara áfram drengir! Ég skal svo ljá ykkur hönd, ef þess skyldi þurfa, meðan þið eruð í skólanum.“ Drengir



gangast alið upp við hrósið. Nú var ánægjan yfir unnu verki margfalt meiri en áður. Og það leið ekki á löngu, áður en gangstéttin var fullmokuð og finsópuð. En rétt í því að Friggi og Frissi voru að fara inn, rákust þeir á húseigandann, Blöndal verksmiðjustjóra. Drengirnir stóðu eins og hermenn með snjórekurnar á öxlum og tóku mjög virðulega ofan. „Ég þakka ykkur kærlega fyrir hjálp, sem þið hafið veitt mér nú í morgun,“ og leit ánægður á vinnurjóð andlit drengjanna. „Ég ætlaði út til að ná mér í mann til að hreinsa húsagarðinn og gangstéttina, en þá sé ég, að búið er að gera þetta. Þið eigið sannarlega skilið heiður fyrir þetta, drengir mínir! Hérna er lítilræði sem þakklætisvottur.“ Verksmiðjustjórinn tók svo krónupeninga upp úr vasa sínum og fékk drengjunum. Bræðurnir horfðu undrandi hvor á annan. Þeir hugsuðu báðir það sama, en áttu erfitt með að koma orðum að því: „Ætli pabbi gæti ekki fengið að vera kyrr?“ stundi Friggi hikandi upp. — Á götunni við séð um húsagarðinn

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og gangsléttina," bætti Frissi við ákafur. — —
Og þá þyrfti pabbi ekki að fara á sveitina. Og mamma og við losnum við að fara til hans móðurbróðir okkar, Gallarins sem er svo vondur." sagði Friggi snöktandi. Gríms lögregluþjóns, áttu að segja sagði Frissi til að leiðrétta bróður sinn, og fór svo líka að gráta. „Verið ekki að gráta góðu drengir mínir," sagði verksmiðjustjórinn hrærður Faðir ykkar hefur unnið svo lengi hjá mér og verið svo trúr, að það liggur ekkjart nærri, að ég segi honum upp, síst af öllu nú, þegar hann hefir misst heilsuna og á í vök að verjast. Þið segist bráðum fá jólafrí, og Andres á númer 32 muni hjálpa ykkur þangað til. Ég sé ekki betur en að þá ~~er~~ sé allt í besta lagi! Takið nú við þessari glaðningu þið eigið það samalega skilið. Og nú skulum við koma til pabba ykkar og mömmu. Þau verða efalaust glöð þegar þau heyra hvað þau eiga duglega drengi!

~~Skrifað~~ hefur Innfært Guðríður Jensd



# VÍÐFÖRULL.

## I. TÖLUBL. 4. ÁRG.

Ritstjórar eru Albert. W. Guðmundur E. G. Árni J. P.

Stíll.

### Öskudagurinn

Ég var farinn að hlakka til Öskudagsins mörgum dögum áður en hann kom. Loksins kom hann nú, og þá var frí í skólanum. fór ég snemma á fætur, og fór ég þá strax út að hengja öskupoka á fólkið, og það þótti mér mér nú gaman. Ég hengdi þrjá öskupoka á eina konu sem var að kaupa mjólk. Þá var lítill strákur inni í búðinni sem sagði konuni að ég hefði hengt pokana á hana það fanst mér leiðinlegt. Svo um daginn kom kona heim til mömmu. Hún sagði að ég gæti ekki hengt öskupoka á sig. En á meðan

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hún var að drekka kaffi þá notaði ég tækifærið og festi einnum öskupoka inn í hattinn hennar. Ég sagði mömmu frá því en ekki konunni fyrr en hún var komin út þá kallaði ég til hennar að hún væri búin að bera ösku fyrir mig. Samið eftir Albert. Wathne.

## Reykjavíkurtjörn.

Gaman er á sumrin þegar gott er veður þá labba ég oft niður að tjörn. Það finnst mér mjög gaman, og oftast fer ég með brauð handa fuglunum því að mér þykir gaman að sjá fuglana. Þegar þeir safnast allir í hóp og oftast rífast þeir um brauðið. Ef einhver fuglinn nær í stóran bita, ~~þá~~ þá flýtir hann sér eins og hann getur með það í burtu ~~þa~~ til þess að geta borðað það í næði. Tjörnin prýðir mjög mikið bæinn og sérstaklega



Hljómskálagarðurinn. En mér finnst bara ekki nógu ~~mikið~~ mikil tré í honum.

Samið hefur Oddný Þ. Björnssdóttir

skrifað hefur Guðm. Einar Guðjón

## Ef ég væri fjósamaður.

Ef ég væri fjósamaður, mundi ég hafa 50 kýr að minnstakosti. Ég mundi líka hafa fjósið allt steypt og málað bæði utan og innan. Svo mundi ég ~~mála bæði~~ þvo fjósið allt að innan mánaðarlega. Líka mundi moka ~~fjósið~~ flórinn kvölds og morgna á veturnar, en á sumrin mundi ég bara moka flórinn einu sinni á dag, því að þá eru kýrnar úti á daginn. Einnig mundi ég mjólka kýrnar kvölds og morgna og baða þær einu sinni í mánuði og láta þeim alltaf líða sem bezt. Svo mundi ég ~~fá mér~~ alltaf gefa kúnum töðu, súrhey og fiskimjöl kvölds og

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

morgna á veturnar, en kálfunum myndi ég bar gefa mjólk með heyinu þar til kýrnar færu að fara út á vorin. Þá færu þeir með þeim.

Svo mundi ég fá mér aðstoðarmann, ef fjósið yrði svo stórt að ég gæti ekki ~~s~~ sinnt því öllu. Það, sem hann á að gera er ~~þet~~ þetta. Hann á að fara með kýrnar á morgnan~~ax~~ og koma með þær heim á kvöldin. Einnig átti hann að hjálpa mér við ýmislegt störf, eins og að moka flórinn gefa ~~kúnum~~ og mjólka. Einu gleymdi ég, og það er það, að ég myndi selja mjólkina alla til bæjarins. Nú er ég búinn að segja frá öllu, sem ég myndi gera.






## Köngur og kiðlingar

Tveir ernir komu fljúgandi gegnum skarð í Alpafjöllum. Þeir liðu áfram með stórum, ákveðnum vængjatökum. Við og við hvíldu þeir sig á hinum breiðu vængjum og svifu hljóðlega gegnum loftið.

Þetta voru gömul arnarhjón, köngur og drottning, og höfðu farið saman til þess að afla morgunverðar. Þegar þau voru komin gegnum skarðið og sáu niður í daladrögin, sneru þau við og flugu sömu leið til baka. Af og til skyggndust þau eftir bráð niður á jörðinni. Heima voru ~~tveir~~ ~~kon~~ ungar, tveir kongssynir, og þau vissu, að þeir þurftu töluvert í gogginn á sér.

En þarna hoppaði héri niður í teignum. Og köngurinn renndi sér niður til þess að sjá þetta betur. — Jú víst var þetta héri. Á næsta augnabliki dró hann

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vængina saman og féll eins og steinn úr loftinu yfir hérann, sem þrí nær rotaðist við höggið. Svo stakk kóngurinn klóm sínum í bráðina, hóf sig á loft og flaug í áttina til hreiðursinns sem lá afsíðis, hátt uppi í þverhniftum bergvegg.

Þegar þau gömlu komu heim í búið, réttu prinsarnir úr sér, veifuðu ótt og títt hálfvöxnum vængjunum og gerðu sig burtna, eins og þeir væru sjálfir orðnir stórir mikilsmegnandi konungsernir. Þeir voru sársoltnir og skræktu í sífellu. Báðir vildu hafa stóra bita, og hérinn var á svipstundu rifinn og tættur af hinum konunglegu klóm og konunglegu goggum. Og fjölskildan gleipti bráðina af mestu hungurs áfergju, en skildu aðeins tætlur eftir



á beinunum.

Eftir máltíðina hvíldu þau sig og kjömsuðu. Drottningin settist á neðstu greinina, sem hreiðrið var bigt úr, en kóngurinn settist á klettasnös skammt frá. Þar kunni hann vel við sig. En prinsarnir lögðust til svefns fullir sælu og svafu marga tíma. Og langann tíma sátu kóngur og drottning alveg grafkyrr. eins og þau væru sokkin í djúpar hugsanir. Þau störðu bara út í bláinn. Svona hvíldarstundir voru unaðsstundir þeirra, nærri því eins og þegar þau þöndu sig uppá hina hæstu himingnæfandi tinda, skýjum sveipaða

Alt í einu datt kónginum í hug að renna sér á flug. Vel gæti verið að hann sæi eitthvað æti. Hljóðlaust renndi hann sér af klettasnösinni

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og sigldi burtu með svipmiklu vængja~~taki~~ blaki.
— Hvað var að tarna? Var ekki gemsa með kiðling sinn? Kiðlinga-kjöt var ekki svo afleitur matur. Hann ætlaði að reyna að hremma litla greyið. Móðirin gekk spölkorn á undan, og það þótti erninum gott, því að hann vissi, að gemsan var ekkert lamb að leika sér við. Hann renndi sér á snið niður á við, tilbúinn til árásar á hinu hárrétta augnabliki.
Kiðlingurinn hoppaði og dansaði af kæti á eftir mömmu sinni. Hann lék sér að því að hoppa~~ði~~ ~~yfir~~ ~~þ~~ upp á steina eða hoppa yfir þá, og þó að fótfestan væri lítil sums staðar var hann furðu fimur að finna spor fyrir litlu klaufirnar. Og í þessum leik var hann orðinn töluvert á eftir mömmu sinni.



Nú fann kóngurinn árásar augnablikið vera komið. Og eins og örskot þaut hann niður á við og krækti í kiðlinginn, um leið og hann henti sér niður af steini, en náði ekki nógu góðu taki.
Og áður en væninginn gat náð betra taki á kiðlingnum, þaut gamla gemsan að þeim. Í einu vetfangi sló hún afkvæmi sitt úr klóm hans, grúfði sig yfir það og reyndi að reka hornin í örninn, sem blakaði vængjunum yfir þeim.
Kóngsi vildi ekki gefast upp og gerði hverja árásina eftir aðra, en í hvert skifti mætti hann hinum ósveigan-legu hornum gemsunnar. Að síðustu var hann búinn að fá svo mörg ónotahögg, að hann fór að efast um að það borgaði sig að leggja þetta á sig

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir einn kiðling, serstaklega þegar
létt var að ná í önnur dýr.
Konungurinn snéri því við og flaug leið
sína. En kiðlingurinn fekk rjúkandi
skammir fyrir það að vera svona
í hugsunarleysi á eftir mömmu sinni.

Árni J Palmason.

Um sumarid.

Ég fór klukkan 4 um daginn af stad frá Reykjavík,
~~þad var~~
þad var ein ~~en~~ stelpa med i bílnum sem ad ég
var med í, vid ókum fyrir hvalfjörd. og svo á leidinni
til Blöndósar förum vid á einn bæ í leidinni og drukkum
þar kaffi og þegar ad vid vorum búin ad því þá heldum
vid af stad og svo komum vid ad Blöndósi klukkan
12. um nóttina þar ~~(?)~~ bordudum vid og þegar ad vid vorum
búin ad því þá förum vid ad hátta og sofa. en þar sem
ad vid áttum stelpurnar ad sofa þad ~~var~~ i næsta húsi
sem hótelid hefur. Svo um morguninn kl 9 vorum
vid ~~1~~ vid vaktar og þá förum vid ad drekka og þegar



ad vid vorum búin ad því þá förum vid af stad og þá var
klukkan 9½: vid sáum margt á leidinni, en ég man nú
lítid eda ekkert af því núna. svo klukkan 5 um daginn
þá komum vid til Akureyrar og þar fór stelpan úr
en vid stönzudum þar ekkert og héldum svo áfram,
svo kl ~~1~~ 8 þá komum vid ad ~~L~~ Laugum og þar fór
ég úr en bíllinn hélt áfram, um kvöldid var
mér sínt kvennaskólinn þad var ansi gaman ad sjá
herbergin, og þad sem i þeim voru mér var sýnd
laugin og daginn eftir kl. 9 fór ég í laugina og synti
þar lengi nokkud med annari stelpu sem ad ég kynntist
á Laugum.

Samid hefur og skrifad, Audur. 13 E.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Ugluspegill og slátrarinn

Ugluspegill kom til ~~Ef~~ Erfurt sem oftar og varð gengið hjá slátrarabúðum. Slátrari nokkur kallaði til hans og spurði, hvort hann vildi ekki fá kjöt. Jú það vil ég feginn fá. sagði Ugluspegill en hvaða bita á ég að taka? Taktu þetta flikki mælti slátrarinn. Ugluspegill þakkaði fyrir sig; tók flikkið á handlegg sér og skálmaði af stað með það. Stattu við. kallaði slátrarinn þú gleymdir að borga. Þú talaðir ekkert um það svaraði Ugluspegill þú sagðir mér blátt áfram að taka þetta flikki og ég gerði eins og þú sagðir. Það get~~ur~~ ég sannað með vitum. Þar voru staddir hjá ýmsir aðrir ~~slátrar~~ slátrarar og var þeim öllum nöp við þenna atvinnubróðir sinn, af því að hann var vanur að kalla á viðskiftamenn þeirra. Þeir gáfu því þann úrskurð, að Ugluspegill hefði á réttu að standa. Varð úr þessu rifrildi á milli slátraranna, en á meðan notaði Ugluspegill tækifærið að hverfa á burtu með flikkið. Viku síðar var Ugluspegill



aftur reikað fram hjá slátrarabúðunum. Þá sagði slátrarinn háðslega: Þú kemur líklega til að sækja þér nýtt flikki. Já, þakka þér fyrir. svaraði Ugluspegill og greip til flikkisins, en slátrarinn var í þetta sinn betur við því búinn, þreif það af honum og mælti: Fyrst ~~borga~~ er að borga, karl minn. Þar varstu gætnari sagði Ugluspegill en eigum við ekki að gera með okkur þann samning, að ef ég get kveðið fyrir þig vísu, sem þér þykir góð, þá fái ég þetta flikki. en ef ég get það ekki, þá ~~fái ég~~ borgi ég þau bæði? Látum svo vera sagði slátrarinn, því að hann hugsaði sem svo, að það væri enginn vandi að segja að sér líkaði engin vísan, og þá yrði Ugluspegill að borga undir öllum kringumstæðum. Ugluspegill kvað þá vísu. aðra í viðbót og svo þá þriðju, en slátrar~~in~~anum líkiði engin þeirra. Þá varð Ugluspegill mjög lúpulegur á svipinn og mælti þér líka ekki vísurnar mínar, og þá verð ég að borga. Að svo mæltu kvað hann / vísu þessa með sam lægri röddu.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrst mig vantar vísuna
vel sem falli i smekkinn
bezt er að opna budduna
og bæta fyrir hrekkinn.

Það var rétt, þetta var góð vísa, mælti slátrarinn hreyfinn. Jæja ég gat þá kveðið vísu sem þér líkaði. mælti Ugluspegill: vertu nú blessaður og sæll og ég þakka þér kærlega fyrir allt kjötið: Svo skalmaði hann burtu með keflikkið, en slátrarinn ~~sat~~ stóð eftir orðlaus. Voru þarna margir viðstaddir og hlógu dátt, þegar hann lét Ugluspegill leika á sig enn þá verr en i fyrsta skiptið.

innfært af Ásdísi Óskarsd.



## Mikki Mús og Mína.

Hann litli feiti Mikki Mús ætlaði i skemmtiferð með vinum sinum Mínu Mús, Krumma klár og mjólkur_kýrinni henni Doppu Dropgóðu. Þau ætluðu með tjald og ætluðu að ferðast i bíl, sem Krummi Krár átti. Hann var mjög hreykinn yfir bílnum sinum og sat sjálfur við stýrið. Við hlið hans sat Mikki Mús. en i aftur sætinu sátu þar Doppa Dropgóða og Mína litla Mús. Það óð á Doppu án afláts og Krummi varð að snúa sér alveg i hring, til þess að geta fylgst með því, sem félagar hans töluðu sín á milli. Bíllinn var nú reyndar ekki af allara nýjustu gerð

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á umliðnum árum, höfðu farið fram svo margar viðgerðir á honum, bæði að utan og innan að það var alls ekki framar hægt að tala um neina sérstaka bílategund. Það eina sem Krummi Krár vissi upp á sína tíu fingur, var það, að upphaflega hafði bíllinn hans verið af allra fullkomnustu gerð." „Ég er nú hræddur um að það séu bara munnmæli," sagði Mikki Mús, og á meðan brunaði bíllinn áfram í áttina til litla vatnsins. Bíllinn rann áfram niður brekkuna — niður að vatninu. Krummi reyndi allt sem hann gat, til þess að hægja ferðinni. Hemlarnir eru ónýtir! hrópaði hann. Og vissulega fékkst bíllinn ekki til að staðnæmast. Það er ekki gott að segja hvað gerst



hefði, ef ekki hefði viljað svo vel til, að bíllinn rakst beint á gamla trjárót, sem stóð upp úr jörðinni. Og henni tókst það sem hemlunum var ætlað að leysa af hendi — en gátu ekki. En það var ekki allt búið enn. Áreksturinn var svo mikill, að allur hópurinn í bílnum steyptist beint niður í ískalt vatnið. Þarna voru þau komin og busluðu og supu hveljur. En ekkert þeirra meiddist svo, að orð væri gerandi. Það eina, sem ekki varð fyllilega þvegið burt í þessu baði, var lífsgleði og athafnalöngun Krumma Krárs.

Innfært af Eddu Óskars

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VIÐFÖRULL.
## 2. TÖLUBL. 4. ÁRG.

Ritstjórar eru Erla Sigþórs Guðlaug K. Guðlaug S.

### Hestaeggið.

Einu sinni var Molbúi á ferð í Árósum og kom inn í kaupmannsbúð. Þar sá hann liggja stóreflis járnkúlu; hún var höfð til að merja og mala mustarðskorn. Hann spurði hálfundrandi, hvaða hlutur þetta væri; svaraði þá einhver prakkari, að það væri egg úr hesti; hugði Molbúinn, að úr því eggi hlyti folald að koma á sínum tíma; hann keypti þá kúluna dýrum dómum, og þegar heim kom, lagði han hana undir gamla hryssu, til þess að hún gæti ungað egginu út.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En nú leið langur tími ekki skreið folaldið úr egginu; en á endanum varð hann hamslaus út af þessu og ætlaði sér að drekkja egginu; hann bar nú kúluna fram á brattan marbakka og velti henni fram af, en eggið var svo valt, að það valt á ská og inn í þyrnirunna, vildi þá svo vel til, að héri lá þar í leyni, hérinn varð lafhræddur og þeyttist nú yfir móinn, eins og hann ætti lífið að leysa. Þá hélt Molbúinn, að eggið hefði nú loksins brotnað og að það væri litla folaldið sem hlaupið hefði yfir móinn. Hann þaut þá eins og sending á eftir því, og hrópaði: „Fol-fol-fol!“ En hann fór heim folaldslaus í það skifti. (úr Molbúasögum.)



Hausar og lappir

„Fyrir hvern ert þú að svíða svið, Jón minn.

„Aðallega fyrir kaupfélagið, en svo tek eg líka hausa og lappir af ýmsum privatmönnum.

Jón gamli var nýbúinn að missa hryssu, sem átti folald. Han klappaði folaldinu á kollinn og sagði:

„Blessaður auminginn, ekki ert þú orðinn móðurlaus. En þú skalt þó ekki verða föðurlaus meðan eg lifi.“

Skrifað af Erlu Sigþórsd.)

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Sumarið

Ég var í bænum í sumar að undanteknum tæpum hálfum mánuði. Ég var að bera út blað, ásamt bróður mínum, sem einnig var í bænum.

Í sumar fór ég í ferðalag með mömmu bróður mínum og konu, sem ég þekkti, og dóttur hennar og syni. Við lögðum af stað einn góðan sunnudag. Við fórum af stað eftir hádegi um tvöleytið, og komum að Akranesi um kvöldið um tíu-leytið og gistum þar um nóttina. Um morguninn fórum við að skoða okkur um. Ég hafði aldrei komið á Akranes fyrr. Fyrst skoðuðum við sundlaugina og kvikmyndahúsið. Okkur þótti skrítið, að það var flaggað, en seinna komst ég þó að því að forsetinn átti að koma síðar um daginn. Við fórum frá Akranesi eftir



hádegi og mættum þá forsetanum. Nú var ferðinni heitið að Hreðavatni. Við komum þangað um 4 eða 5 leytið og tjölduðum þar. Það var mjög mikið af tjöldum þar. Svo fórum við að skoða okkur um. Þegar ég fór uppí brekkurnar, var fallegt að sjá yfir allt. Komu þá í ljós miklu fleiri tjöld á milli trjánna, þar sem þau voru gisnust. Ég hafði oft komið að Hreðavatni áður, en nú fannst mér þar allt öðruvísi. Við sváfum í tjaldi um nóttina. Morguninn eftir var mjög gott veður, en eftir hádegi þá fórum við út í tanga þar fram af. En þegar við vorum komin langt á leið, kemur dembandi rigning. Snérum við því heim. Svo voru rigningarskúrir við og við, það sem eftir var af deginum, en svo birti upp með kvöldinu.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá var dansað í skálanum og fórum við því þangað um kvöldið. Daginn eftir var hellirigning, og stytti ekki upp fyrr en une þrjúleitið um daginn. En þá heldum við heim á leið. En þegar við erum komin stutt á leið, (f) byrjar að rigna aftur. Við komum ekki heim fyrr en seint um kvöldið. Seinna um sumarið fór eg að Þingvallavatni til frænku minnar, sem var að matreiða ofan í menn sem voru að byggja sumarbústað. Eg var ~~(þegar)~~ þar í viku og skemmti mér vel. Nú hef eg ekki meira að segja um sumarið.

Samið hefur Erla Sigþórsd.



Í sumar

Í sumar fór ég í útilegu upp að Hafravatni. Við tjölduðum rétt hjá sumarbústað, sem frændfólk okkar var í þar var vinkona mín, sem ég er alltaf með. Við fórum oft á bát út á vatnið. Hún kenndi mér að róa og það komu blöðrur á hendurnar á okkur af árunum.

Samið hefur Guðríður Þorvaldsd.

Sumarið

Sumarið er bezti tími ársins, hvað snerti sól og blíðu. Þá fara allir út um sveitir sér til skemmtunar og heilsubótar, í kaupavinnu og annað, þá er mesti annatími ársins, sérstaklega hjá sveitafólkinu.
Eg var að sendast í Leðurverzlun Jóns Brynjólfssonar í allt sumar. Eg fór til sín

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

danum um hverja helgi. Í fyrsta skipti fór ég að Hafravatni. Við gengum á Hafrafell. Það var gott skyggni. Ég datt í vatnið. Ég fékk viku sumarfrí og fór þá á landsmót skáta á Þingvöllum. Einn daginn var gengið í Gjábakkahelli, en þangað eru um 10 km, þegar gengið er inn, er farið niður um smá holu, síðan er farið niður skriður eða eitthvað svoleiðis, þá er maður komin inn í óskaplega stóra hvelfingu, sem sagt er að halda að sé kirkja. Síðan fórum við í gegnum fleiri hvelfingar, við vorum 20 mín í gegn. Svo liðu dagarnir, og áður en maður vissi af, var burtfarardagurinn komin. Mér mun seint úr minni líða þessi vika á Þingvöllum.

Samið hefur Hörður Helgason



## Í sumar.

Ég var í sveit í sumar, norður í Skagafirði á bæ sem heitir Kálfárdalur. Mér þótti afar gaman að vera þar. Ég þekkti allt fólkið vel, nema tvo stráka, sem þar voru þeir voru mér alveg ókunnugir, þótt þeir væru frændur mínir. Þar voru líka 4 litlir krakkar, sem ég þurfti að gæta og þurfti að vera á þönum við allan daginn. Það var reist upp tjald rétt eftir að ég kom, og þar var hafður grammifónn. Þar var ég oft með krakkana. Þeim þótti svo gaman og það þótti mér líka. En eftir tæpan mánuð tók það gaman að enda. Einn dag slitnaði fjöðrin í grammifóninum. Það var líka von að fjöðrin slitnaði, því að hann var í gangi svo að segja dag og nótt

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það átti að fara að byggja íbúðarhús, þegar ég fór. Það var búið að grafa grunninn en hann var á svo óheppilegum stað. Hann var beint á móti dyrunum á gamla bænum svo að maður varð að gæta sín að detta ekki ofan í hann. Það gerðist eitt atvik sem mér er minnisstætt. Það var engin vaskur inni svo að öllu vatni varð að hella út. Ég átti einu sinni að þvo flöskur. Þegar ég var búin að því ætlaði ég út með fatið sem vatnið var í. En ég gætti mín ekki þegar ég fór út rak ég löppina í þröskuldinn og valt ofan í grunnin og fatið kom á eftir og lenti beint ofan á hausin á mér. Ég saup hveljur sem snöggvast. Þegar ég rankaði við mér stóð ég upp öll rennandi blaut



Ég hugsaði á eftir hvað ég hefði verið heppin að hálsbrjóta mig ekki.

Samið eftir Huldu Ágústsdóttir.

Sumarið.

Við lögðum af stað frá B. S. R. kl 12 á hádegi. Stelpan, sem með mér var heitir Sigga. Við ætluðum austur í Landeyjar. Þetta var þrem dögum eftir að Ölfusárbrú bilaði og vorum við mjög spentar að sjá hvernig hún liti út. Við komum austur að Ölfusá kl 2. Okkur brá þegar við sáum brúna, því að hún var alveg á hliðinni nema rétt við endana. Við vorum ferjaðar yfir. Enn héldum við af stað. Við stönsuðum við hvert kaupfélag og marga bæji á leiðinni. Síðast

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stönsuðum við við kaupfélagið á Hellu. Við fórum út við Affalsbrúna, en þangað vorum við sóttar á hestum. Hesturinn sem ég reið ~~á~~ hét Skjóni. Við urðum nú að fara rúmlega klukkutíma á hestum og vorum ekki komnar fyrr en kl 8, þangað sem við ætluðum. Bærinn heitir Úlfstaðir og er í austur-Landeyjunum. Það var tekið mjög vel á móti okkur. Fengum við að borða og fórum síðan að hátta, því að við vorum ornar þreittar á barnum.. voru finn krakkar 1 stelpa sem hét Sigga og 4 strákar. Við krakkarnir vorum altaf að leika okkur mest allan daginn. Annaðhvort úti eða inni. Við fórum í kirkju fyrsta sunnudaginn sem við vorum farna. þegar ~~..~~ við komum heim, fór að rigna svo að



við gátum ekki farið neitt og urðum bara að vera heima. Við ætluðum út að Bergþórshvoli, en það er í vestur-Landeyjunum. En á milli bæjana rann Affallið. Við rigninguna óx svo í því að við komumst aldrei yfir það. Við sáum klettana í Vestmannaeyjum mjög vel, En skritnast fanst okkur það að við sáum Ljósin í Vestmannaeyjum á kvöldin. Við fórum nú að hugsa til heimferðar, því að við héldum að skólin færi að birja. Við komumst ekki öðru vísi en með mjólkurbílnum heim að Ölfusá, því að Víkurbíllin var altaf fullur. Við lögðum af stað kl. 8. árdegis og vorum komnar að Ölfusá kl 12. Við fórum niður að Triggvaskala og fengum okkur að borða. Við fórum ekki að neinu óðslegu. Fórum inn í hverja

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verslun spurðum um alt en keyptum ekkert ~~neitt~~ Logs fórum við að hugsa um að komas ifir ána þegar við komum þangað sem ferjað var yfir var okkur sagt að bíllin sem verið hefði hinum megin væri farinn og engin bíll færi firr en kl. 5. Þetta þótti okkur nú verra. Við fórum því aftur upp að Tryggvaskála. Þar var okkur sagt að bíll hefði verið að koma frá Reykjavík og færi þangað rétt bráðum aftur. Við ~~komum~~ fórum nú yfir ána og komumst í bílinn. Við vorum nú orðnar mjög þreyttar og sváfum því mest alla leiðina heim.

Samið hefir

Kristín Sigtriggsdóttir



Sumarið.

Ég var uppi í Mosfelssveit í sumar. Mér þótti mjög gaman. Einu sinni labbaði ég upp Mosfell og þegar við vorum komnar upp á topp var fagurt útsýni. Svo fór ég líka oft upp að Tröllafossi. Og einu sinni, er ég var þar þá var kona og maður að synda í hynum firir neðan fossin. Og þau klifruðu upp klettana og stungu sér niður í ískaldan hilinn. Svo fór ég til Þingvalla í sumar. Ég var einu sinni vikutíma. Þá fór ég oft út á bát. Það þótti mér nú gaman Ég var oft að veiða. Eitt sinni veiddi ég þrjá meðal silunga á stöng og þá stóð ég upp á briggju. Svo fór ég inn í hestagjá og klifraði á milli klettana það var nú gaman.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svo fór ég á fleiri staði í sumar en frá því segi ég seinna.

Samið eftir

Eddu Óskars.



# VÍÐFÖRULL.

3. tb 4. árg

Sumar 1944.

Þetta hefur verið mjög skemmtilegt sumar. Veðrið var alltaf gott. Ég var að sendast í búð, og í frístundum mínum fór ég í mörg skemmtileg ferðalög. Fyrst fór ég á landsmót skáta, sem var haldið á Þingvöllum og var það mjög skemmtilegt mót. Ég fór líka með ferðafélaginu suður á Reykjanes, og einnig með ferðafélaginu vestur á Snæfellsnesi. Svo fór ég norður í Húnavatnssýslu að heimsækja bæinn, sem ég hefi verið á undanfarin 3 sumur.

G. Þ. Skrifar. Samið hefur Kristján.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sumarið 1944.

Þetta hefur verið yndislegt sumar.
Var ég á skátaskólanum við Úlfljótsvatn
í tvö mánuði. Hafði ég mjög gott af að vera
þar. Lærði ég hjálp í viðlögum, áttavitann og allt
sem fylgir öðruflokksprófi. Tók eitt sér próf og
var það matreiðslupróf. Ég fór á kvennskáta mótið
þann 7. júlí, sem var haldið í Vatnsdalshólunum.
Vorum við að leika og dansa vikivaka á daginn.
en á kvöldin voru kyntir varðeldar. Það
voru yndislegir dagar og mun ég seint gleima
þeim. Í ágúst fór ég til Ísafjarðar. Það var
afar gaman þar, en samt fanst mér meira gaman
á leiðinni heim. Var ég á þriðja sólarhring á leiðinni.
Viðkomustaðirnir voru þessir. Önundarfjörður. Dýrafjörður. Arnarfjörður,
Patreksfjörður, Flatey Stykkishólmi og síðustu viðkomu staðirnir
voru Sandur og Ólafsvík. Áður en ég vissi af var
sumarið liðið.

Samið og Skrifað eftir: Halldóru Sveinsd



Sumarið

Laugardaginn 10. júlí 1944 fór ég í sveit. Ég ætlaði að vera
á Kjóastöðum í Biskupstungum. Klukkan hálf 3 um
daginn kom bíll til að sækja mig og dótið mitt.
Við ókum að Bifröst, en hún er á Hverfisgötunni
Var mamma með mér. Kl þrjú lagði bíllinn af
stað. Í Reykjavík var gott veður og sólskin. En þegar
upp í Grímsnes kom, þá sáum við ekki út úr augunum
fyrir þoku og rigningu. En þegar við vorum komin
upp í Biskupstungu, var þar veður alveg eins og í Reykjavík.
Mér þótti þettað mjög skrítið. Ferðin austur gekk vel.
Komum við að Geysi klukkan 8 um kvöldið. Ég var sótt
þangað á hestum. Þótti mér mjög gaman að koma á
hestbak. En um leið og ég steig í ístaðið, þá var mér
hugsað til kunningjanna í Reykjavík, að þeir gætu ekki
ferðast á svona skemmtilegum farartækjum eins og ég.
kl 9 um kvöldið var ég komin á bæinn, sem ég
ætlaði að vera á. Var mér tekið með kostum og kynjum.
Einn góðan veðurdag brá ég mér á hestbak.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Var það á sunnudegi. Þar hitti ég Sara gamlan skemmtilegan snáða, sem sagði sex. Það fór nú margt okkar í milli. Strákurinn var í blússu og var silkitau í henni. Allt í einu segir strákurinn við mig
Hún Stína segir að það sé stelputau í blússunni minni. Er það nokkuð?" „Nei, nei," sagð ég og þá varð straksi ánægður. Ég sá, að hann horfði svo mikið á hestinn. Svo sagði hann: „Ásdís, á ég að segja þér nokkuð?" „Hvað er það sem þú ætlar að segja mér?" „Ég get setið á hesti," sagði strákurinn. Þá datt mér það í hug, að hann langaði á hestbak. Ég lyfti honum á bak og teymdi undir honum dálítla spöl. Síðan kvaddi ég hann. Hann gaf mér appelsínur að skilnaði.

Samið hefur Ásdís Óskarsdóttir

Skrifað H.S.



## Sumarið

Það var oft gaman í sumar. Einu sinni vorum við (að) Dengi að taka upp kartöflur. Þá grófum við gryfju, sem náði mér í (~~mitt~~) brjóst. Svo klufum við kassa fjalir og settum yfir ~~rand~~ og svo segldúk yfir spýturnar og svo sand og kál. Síðan biðum við eftir að einhver dytti ofan í.

Samið hefur Rafn

Skrifað hefur Gunnlaugur

Það var á mánudagsmorgni. Þyngja húsaleigurukkarans var orðin þung en lund hans var létt þangað til að hann kom til frú Sandish. Litli Sandish kom til dyra og sagði: Mamma og pabbi eru úti. Viljið þér koma hingað á föstudaginn. „Hm!" sagði rukkarinn. „Hversvegna á föstudaginn, kagginn minn?" „Ég veit ekki hversvegna," sagði stráksi, „nema það skildi vera af því, að við (~~ætlum~~) ætlum að flytja á fimmtudaginn."

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VÍÐFÖRULL

4. tb. Halldóra E. Hörður H. Ingi. 4. árg.

## Sumarið 1944.

Það var einn bjartan ágústmorgun á laugardegi, að við lögðum af stað í skemmtiferð sex saman. Ferðinni var heitið austur á Fljótsdalshérað. Bíllinn R-1659 eða „Rauður“ eins og við kölluðum hann, rann af stað með okkur. Við ætluðum fyrir Hvalfjörð norðurleiðina til Akureyrar þennan dag. Við fórum Mosfellsveginn fram hjá ~~Korpú~~ Korpúlfsstöðum, síðan um Kollafjarðareyrar fyrir Esju og opnast þá Hvalfjörður. Hann er mjög fallegur, en mér fannst hann lengsti og leiðinlegasti hluti leiðarinnar, vegna þess hve vegurinn er ~~leiðinlegur~~ vondur og ójafn. Við stönzuðum hvergi, fyrr en á Blönduósi þar fengum við okkur

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að borða og ég fór út til að skoða mig um og
fannst mér tilbreytingarlaust, og vildi ég ekki eig
þar heima. Jæa, „Rauður" lagði ~~ekki~~ ~~[illegible]~~ síðan af stað
til Akureyrar. Þangað komum við kl. hálfeitt um
nóttina. Við vorum svo heppin að fá gistingu á
„Hótel Norðurland" og sofnaði ég fljótt.
Daginn eftir héldum við kyrru fyrir á Akureyri.
Við skoðuðum Skemmtigarðinn, kirkjuna og sundlaugina,
en Gróðurstöðin var því miður lokuð. Mér finnst
skemmtigarðurinn Blómandi fallegur. Daginn eftir lögðum
við aftur af stað. Frá Akureyri fórum við austur yfir
Vaðlaheiði yfir Fnjóskárbrúna og komum við í Vaglaskóg.
Þegar við komum að Breiðamýri, skiptist leiðinar.
Liggur annar vegurinn til Mývatns, en hinn til Húsa
víkur. Við fórum til Húsavíkur þar borðuðum við.
Svo héldum við áfram yfir Kelduhverfi austur Axar-
fjörð, og að Grímsstöðum á Fjöllum, drukkum þar
kaffi yfir Hólmsfjöll og skoðuðum sæluhúsið,
sem er þar skammt frá veginum. Það kvað vera



mjög reimt, þó ég sæi engann draug. Síðan héldum við eins
og leið lá um Möðrudal austur Jökuldalsheiði, að
Skjöldólfsstöðum. Var þá komið miðnætti og niðaþoka
Vöktum við þar upp og fengum leyfi hjá bóndanum sem
hetir Skjöldur, til að tjalda á túninu. Um morguninn
héldum við áfram út Jökuldal ~~yfir Fellin~~ ~~og~~ ~~á~~ á
Jökulsá, austur yfir Fellin og yfir brúna á Lagarfljóti,
sem er ~~af lengstum~~ önnur lengsta brú á landinu, og í Egilsstaði. Þar
borðuðum við og héldum af stað aftur upp í
Hallormsstaðaskóg. Við vorum lengi dags í skóginum að
skoða okkur um og vorum við gjörsamlega hrifin af
náttúrufegurðinni, sem er að líkindum hvergi önnur
eins á landinu. Skógurinn er mjög fallegur fljótið
breitt og lygnt eins og stöðuvatn, og fjöllin í kring mjög
falleg enda er ferðamannastraumur orðinn geysilega mikill
þangað austur. Við fórum heim að Hallormstað og
drukkum þar kaffi. Á Hallormstað er húsmæðraskólinn
notað fyrir hótel á sumrin. Frá Hallormstað héldum
við út Skóga, Velli, og Eiðaþinghá að Ketilsstöðum

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjaltastaðaþinghá þar, sem móðursystir mín býr
þar var endastöð ferðarinnar, og héldum við þaðan
suður aftur. Er það ferðalag önnur saga og þætti
mér gaman að segja frá því seinna.
samið ~~H~~ hefir Örn Harðarson
Skrifað Halldóra E. S.

Þjóðhátíðin

Ég fór með mömmu og pabba til Þingvalla 17. júní.
Við lögðum af stað kl. 8 fyrir hádegi. Þegar við komum til
Þingvalla, var grenjandi rigning. Það hefði ekki verið
gaman að standa úti í rigningunni, ef við hefðum ekki
haft með okkur tjald. Við fórum upp að Lögbergi, og vorum við
þar, þegar lýðveldi var stofnað á Íslandi. Svo þegar allir áttu
að þegja, var eitthvað fólk, sem var þar hjá var allan tímann að
segja, hvort öðrum að þegja. Mér voru sagðar margar skrítnar
sögur, sem áttu að hafa gerzt um nóttina, til dæmis að í einu
tjaldinu hefði einhver átt að vakna, og þá var allt á floti,
og í einu átti að hafa kveiknað í. Ég fór heim kl. 6 eftir hádegi
Þegar ég vaknaði um morguninn, var frænka mín komin.



Ég flýtti mér á fætur, og fór ofan í bæ. Bærinn var upp flaggaður
og margir á íslenzkum búning. Þrátt fyrir rigninguna fannst mér
þetta allt mjög hátíðlegt
Guðríður Þorvalds

Lýðveldishátíðin 17. júní 1944

Föstudaginn 16 júní kl. 4 eftir hádegi lagði ég af stað til Þingvalla. Bíllinn
fór frá Iðnskólanum. Var fjörugt í bílnum á leiðinni því að það var
mest af ungu fólki ~~í bílnum~~. Við komum til Þingvalla kl. 10 e. h.. Bíllinn
staðnæmdist fyrir ofan Almannagjá, og þaðan varð fólkið að
ganga. Var mikill fólksstraumur og allir fóru í sömu átt niður
að fjöldunum, en ég og frænka mín, við fórum yfir Hestagjá og niður
að Valhöll. Svo héldum við áfram og klukkan 10½ komum við þangað,
sem við ætluðum að gista. Það var sumarbústaður. En þegar þangað
kom vorum við hundblautar í gegn og fórum því strax að hátta, en
ég ætlaði aldrei að geta sofnað, af því að það var svo mikið brim á
vatninu. Morguninn eftir vaknaði ég og hélt að það væri komið bezta
veður. En ég varð fyrir vonbrigðum því að það var eins og
daginn áður. Þegar klukkan var orðin 1 fórum við út að Lög-
bergi til að vera viðstödd Lýðveldishátíðina og fór hún mjög vel

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fram. Þar voru margir grænir stólar, sem þingmenn-
irnir áttu að sitja á. Svo voru þar margir erlendir
gestir. Sumum mönnunum var orðið svo kalt, að þeir
breiddu teppi yfir sig. Þegar klukkan var orðin tvö
þá var öllum kirkjuklukkum á landinu hringt og um-
ferðarbann í tvær minútur. Og síðan var kosinn for-
seti Íslands Sveinn Björnsson. Og þá var ég orðin svo
blaut, að ég fór heim og var búin að fá nóg. En þetta
var samt skemmtilegur dagur, þrátt fyrir rigninguna.

eftir Eddu    skrifað eftir Hörður

## 17 Júní.

17. júní er fæðingardagur Jóns Sigursonar for-
seta. Hann var fæddur á Eyri við Arnar-
fjörð 1811. Frá því ég man eftir mér hefur
17. júní alltaf verið haldinn hátíðlegur, sérstakega
af íþróttamönnum. Hafa þeir gengið í skrúðgöngu



frá Austurvelli vestur í kirkjugarð og lagt krans á
leiði forsetans. En í sumar er þessi dagur sérstaklega
haldinn hátíðlegur. Ekki aðeins íþróttamenn hafa
haldið hann hátíðlegan, heldur öll íslenzka þjóðin, í
tilefni af því, að í sumar þennan dag endurheimtu
Íslendingar sjálfstæði sitt. Á Þingvöllum þennan
dag voru mikil hátíðahöld. Alþingi kom saman
á hinum forna þingstað, Lögbergi, og kaus þá
fyrsta forseta Íslans, sem er Sveinn Björnsson, er
áður var ríkisstjóri. Í framtíðinni mun 17 júní
alltaf verða merkasti dagur þjóðarinnar. Fyrst
og fremst af því, að þá lauk sjálfstæðisbaráttu
Íslendinga og landið varð al-frjálst, og öllum
óháð og í öðru lagi vegna þess, að þann dag
fæddist sá maður, er mest barðist fyrir því
að Íslendingar fengu frelsi sitt.




Viðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VÍÐFÖRULL

## T.B.5 4.A.G.

Stíll

### Stofnun lýðveldisins

Það merkasta fyrir okkur Íslendinga er óneitanlega stofnun lýðveldisins 17 júní. Ég fór til Þingvalla á þessari merku hátíð og þótti mér mjög gaman, enda þótt veður væri slæmt. Ég mun aldrei gleyma þessum degi. Ég hef aldrei séð ~~svona~~ margt fólk saman komið á einum stað og allir voru svo glaðir og ánægðir þótt rigningin dyndi á fólkinu og margir yrðu gegndrepa Svo var ég hér í Reykjavík 18 júní, og fór ég þá suður á Íþróttavöll og var haldið þaðan í hópgöngu niður að stjórnarráðshúsi við Lækjartorg og var þar fjöldi fólks saman komið. Það voru fluttar ræður og lúðrasveit Reykjavíkur spilaði Nú hef ég ekki meira að segja

Samið hefur Guðlaug Sveinsdóttir
Skrifað hefur: Y É Ó

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Sumarið

Sumarið 1944 var sérstaklega gott, sólskin alveg fram í miðjan september. Í byrjun maí fór ég að vinna í skrifstofu hér í bænum. Það fyrsta, sem ~~ég~~ mér var kennt það var að læra á símaskiptiborð, því að símastúlkan var oft fjarverandi vegna veikinda eða annarra orsaka. Þetta gekk í fyrstu illa því að þegar ljós kom á fleiri en einni peru og þær suðuðu allar í einu kring- snerist allt fyrir augunum á mér og ég gerði eintóma dellu. Eftir tvo daga var ég þá alveg búinn að læra á símann. Samt var ég hálf utan við mig þegar Landssíminn hringdi. Fyrsta sendiferðin mín var að fara með víxil niður í banka. Ég var hálf feiminn þegar ég kom niður í banka því að ég hafði aldrei komið þangað áður í sérstökum erinda gerðum. Ég sneri mér til dyravarðarins. Hann var óskop



almennilegur við mig og vísaði mér til mannsins sem afgreiðir víxlana, og þessi sendi ferð mín gekk alveg að óskum. Dagarnir liðu jafnt og þétt og voru heldur tilbreytingarlitlir. Um helgar fór ég upp í sumarbústað eða í smáferðalög með kunningjum mínum. Loks kom að því að ég fengi sumarfrí. Var þá komin byrjun ágúst. Kunningi minn, sem heitir Ragnar, bauð mér að heimsækja sig austur í Grímsnes, þar sem pabbi hans hefur gróðrarstöð og stórbú. Þar skemmti ég mér vel sá margt nýstárlegt.

Samið hefur Rudolf R. Sigurðsson
Skrifað hefur Ég E. Ó

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## 17. júní.

Ég hef nú ekki margt að segja frá 17. júní. Því að ég var uppi í sveit. Ég ætla nú að segja eitthvað um hann. 17. júní var á laugardegi. Snemma um morguninn var ég vakin með (~~þessum~~) þessum orðum. „Ásdís þú veist, hvaða dagur er í dag. Þú verður að flýta þér á fætur, því að í dag verðum við að vera fljótar með verkin. Svo að við getum hlustað á útvarpið í dag." Ég flýtti mér á fætur og fór út að mjólka. Ég mjólkaði alltaf 3 beljur í bæði málin. Ég er montin yfir því að kunna að mjólka. Síðan leysti ég beljurnar út, og rak þær frá bænum. Það var venjulega borðaður miðdegismatur kl. 3 á daginn, en aldrei þessu vant var einu sinni borðað kl. 12 á hádegi. Við flýttum okkur að þvo upp leirtauið. Þegar það var búið, fórum við upp og svæfðum alla krakkana. Voru þau



fjögur. Við (~~gengum~~) gerðum það til þess að hafa frið, að hlusta á útvarpið. Þegar það var búið fórum við í sparifötin. Síðan kveiktum við á útvarpinu. Við hlustuðum á útvarpið, meðan útvarpað var frá Þingvöllum. Nú fór að líða að því, að sækja beljurnar. Eins og ykkur er kunnugt um, var leiðinlegt veður. Ég lagði grunlaus af stað. Ég hélt að beljurnar væru rétt frá bænum, en svo var ekki. Ég leitaði og leitaði, en ekki fann ég kýrnar. Síðan sneri ég heim á leið mjög dauf í dálkinn. Ég var alveg rennandi blaut. En allt í einu fór hundurinn að gelta. Ég fór að gá í kringum mig en ég sá ekki neitt. Ég fór að leita og viti menn í einni laut skammt frá lágu kýrnar jórtrandi. Þá varð ég ánægð. Þetta er nú kannski ekki um efnið, sem ég átti að skrifa um, en ég get ekki sagt annað.

Dagarnir líðu svo tilbreytingarlaust hjá mér í sumar.

Samið hefur Ásdís Óskarsdóttir.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Ég bið að heilsa.

Nú (~~vindar~~) blása þíðir og hlýir vindar úr suðri. Allar smáar bárur á sænum rísa og þar flykkjast heim að hinu fagra ísins landi heim að ströndum og hlíðum minnar kæru fósturjarðar. Heilsið öllum heima með blíðum rómi um bæði haf og sund í drottins ást og friði. Og blásið þið vindar hlýtt á vöngum fríðum. Vorboðinn ljúfi fuglinn trúr sem flýgur með fjaðrablaki um loftsins vegaleysu í sumardal til að kveða og syngja kvæðin þín. Heilsaðu einkum ef að fyrir þig ber engil í peysu með húfu með rauðum skúf. Þröstur minn góður, það er stúlkan mín.

Samið hefur Ingi Erlendsson.



## 17. júní.

17. júní. þá var ég í sveitinni. í Reykjafirði í Arnarfirði. Ég vaknaði eldsnemma um morguninn, og var að snúast til kl. 10 svo fór ég að reka kýrnar. Þegar ég var að snúa heim, rak ég augun í kind, sem var í ullu, og fór að elta hana. Svo komum við heim kl. hálftólf, þá var tekið af kindinni. fór ég síðan að búa mig. (~~Við höfðum~~) (~~með okkur tjatt tjald~~) það var rigning en logn. Við höfðum með okkur tjald og tjölduðum yfir bátinn. Við komum til Rafnseirar kl. hálf tvö þá var bátnum lagt. það voru ræður, söngur leikfimmi og dans og átti að vera glíma, en varð ekki. því að völlurinn var sleipur. þar var fólk frá Dufansdal og Fossi næstu bæjum í kring. Svo 18. júní var ball hjá heimafólkinu og frá hinum ~~b~~ bæjunum.

Rafn

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VÍÐFÖRULL

6. T. B.   4. A. G.

Ritstjórar eru Oddný og Björnsd Óttar E Pálsson og
þórdís Sveinsdottir

Ég bið að heilsa.

Skáldið Jónas Hallgrímsson var úti í Kaup-
mannahöfn þegar hann orkti þetta kvæði.
Var það til stúlku hérna á Íslandi.
það er sunnanvindur. á sjónum leika bárurnar
sér. þær fara heim að mínu fagra Íslandi.
að strönd og hlíðum fósturjarðar minnar.
Hann biður bárurnar um að flytja
ástarkveðju til Íslands. Að kyssa bátana á
fiskimiðunu. Hann biður vindana að
blása hlýtt á friðar kinnar.
(K) Kari fugl um flýtur vorið heim.
Sem fer með fjaðrafyt yfir vegaleysur.
Og kvedur kvaðin þin i dölunum.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég bið að heilsa stúlku, sem er í peysu, með rauðan skúf í húfunni. Góði þröstur minn það er stúlkan mín.

Samið eftir Ásdísi Óskarsdóttir.
skrifað eftir Oddnýju þ. Björnsd.

(Still) Um sumarið

Þetta hefur verið mjög skemmtilegt sumar. Ég fór ekkert í sveit en það var nú gaman fyrir því. Ég fór ekkert út úr bænum, nema upp í skíðaskála Íþróttafjelags kvenna og var þar í tíu daga. Veðrið var alltaf vont, nema í tvo daga. Sól og blíða í tvo daga. Það var ekki setið inni og talað saman um daginn og veginn. Heldur velt sér úti, hlaupið hoppað og svo voru teknar myndir. Ég fór þrisvar á hestbak, tvisvar á Steingrána og einusinni á Jörp. Steingráni var latur og gamall burðarklár, en Jörp var eins viljug eins og hann var



latur. Hún var ansi laumstigg og það gekk stundum illa að stansa hana. Eitt sinn hljóp ég niður á Þingvallaveg, og þar var svo mikið af berjum, að ég lá allt kvöldið við að tína ber. Mér fannst tíminn fljótur að líða. Og þegar ég fór, langaði mig til að vera miklu lengur. Stelpan, sem ég var með, heitir Maja. Og konan, sem bauð okkur, heitir Ellen. Okkur þótti svo skrítið að koma í bæinn aftur, því að loftið uppi í sveit var hreint og heilnæmt, en loftið í bænum er þungt og mollulegt. Rétt eftir að við komum byrjaði skólinn og þá var sumarið á enda.

Ég vona, að næsta sumar verði eins skemmtilegt og gott eins og þetta, enda trúi ég ekki öðru.

Samið eftir Guðríði Jensdóttir.

Skrifað eftir Oddný þ. Björnsdóttir.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um seytjánda júní.

Ég vaknaði snemma þennan ~~dag~~ morgun, klæddi mig í skyndi og gáði til veðurs: veðrið var kalt og rigningarlegt og hélzt það allan daginn. Sjá mátti á flestum stöðum heilar fánaraðir, sem feyktust til og frá. Flestir voru komnir á fætur. Og bjuggu sig til þess að verða viðstaddir á Þingvöllum þennan dag. Sumir fóru í sínum eigin vagni, og aðrir voru búnir að kaupa farmiða til fararinnar. Það var lagt af stað um morgun-inn kl. 9. Og mátti sjá vagnanna fara troðfulla frá Lækjartorgi, hvern á eftir öðrum. Þegar til Þingvalla var komið, voru sumir byrjaðir að tjalda á sérstöku tjaldstaði, sem þeim var ætlað. Síðan byrjaði hátíðin með því að gengið var upp með Almannagjá og lék ~~L~~ Lúðrasveit Reykjavíkur í fararbroddi. Þar voru fluttar nokkrar ræður. Síðar um daginn var forsetakosning. Og var Sveinn Björnsson kosinn forseti Íslands. Og



enda ég því frásögnina frá þessum degi, sem lengi verður minnzt á.

Samdi og skrifaði Óttar E. Pálsson.

Ég bið að heilsa.

Nú suðrið sæla andar þýðum vindum,
~~allar~~ á sjónum allar bárur smáar rísa
flykkjast heim að fögru landi ísa,
að strönd og hlíðum minnar fósturjarðar
Ó, heilsið öllum heima rómi blíðum
um hæð og sund í ást og friði drottins.
Kyssið þið bárur, bát á fiskimiði.
Vindar blásið þið, hlýtt á ~~kinnum~~ kinnum fríðum
Ljúfi vorboðinn, fuglinn trúr, sem fer
með fjaðrabliki vegaleysu háa
að kveða kvæðin þín í sumardal
heilsaðu einkum, ef að fyrir ber
engil með rauðan skúf og húfu í peysu
það er stúlkan mín, þröstur minn góður.

Óttar E. Pálsson.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Smíðastofan.

Til þess að komast inn í smíðastofuna, þarf maður að fara alla leið niður í kjallara. Hún [Hann] er stór salur með mörgum hefilbekkjum. það fyrsta, sem maður sér, þegar inn er komið, er ógurleg hrúga af hefilspónum, sem liggur á gólfinu, af því að strákarnir í síðasta tíma hefluð svo mikið og tekið svo illa til. Hægra megin við dyrnar eru aðrar dyr. þar fyrir innan er [ekkert] geymt nema eintómar spýtur, borð og plankar. Hefilbekkirnir eru allir með skrúfstykkjum til að halda því, sem maður á að smíða. En það má enginn fara með fingurinn á milli, því að hann er ekki spýta. Á (milli) veggnum milli gluggana eru verkfaraskápar. þar eru heflar. það eru skemmti-leg verkfæri. þegar þeir bíta illa, fara allir strákarnir með þá til kennarans og hann brýnir þá. Svo eru sagir, sem við eigum að



nota til þess að saga með, það sem við smíðum, en alls ekki hendurnar eða hefilbekkina. Í skápunum eru líka hnífar, hamrar og fleiri verkfæri, sem notuð eru í tímunum. Í horninu á móti dyrunum er pallur, þar sem kennarinn situr í tímunum og horfir á strákana og segir þeim til.

Rúdolf Sigurðsson samdi. Ó.E.P. skrifaði.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## 17. júní

Seytjanda júní var ég uppi í sveit. Veðrið var mjög leiðinlegt, rok og rigning eins og hér í Reykjavík. Við sátum við útvarpið og hlustuðum á það, sem fram fór á Þingvöllum. Þennan dag átti húsmóðir mín afmæli. En 25. júní var haldinn hátíðlegur í Búðardal í tilefni af lýðveldishátíðinni, og þeim degi ætla ég að reyna að lýsa. Veðrið var yndislegt þennan dag, logn og sólskin, og fjöllin stóðu á höfði í Hvammsfirðinum. Þangað kom lúðrasveitin Svanurinn og pabbi minn þar með. Aðalskemmtuninn var haldin í hótelinu við Búðardal. Þangað kom margt fólk og langt að. Kl. þrjú fóru allir í skrúðgöngu niður í Búðardal. Þar var haldin ræða og lúðrasveitin spilaði ýms lög. Þegar því var lokið sýndi glímufélag K.R glímu. Síðan var farið upp að hóteli aftur, og þar keypti pabbi kaffi handa sér, mér og systur minni,



sem var þar í sumarfríi. Síðan fórum við þrjú heim að bænum sem ég var á. því að hann er þar rétt hjá. Þar vorum við svolitla stund en Kl. 6 1/2 þurfti pabbi að fara. Síðan voru sýndar skuggamyndir af ýmsum íþróttum. Þar næst var dansað til Kl. 3 um nóttina, en ég var samt ekki nema til Kl. 1, þá fór ég heim að hátta og sofa. Get ég nú ekki sagt meira um lýðveldishátíðina.

samið hefur Oddný J. Björnsd. 13 ára E.

skrifa hefur Þórdís Sveinsdóttir.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur




## 17 júní

Ég var á búi fyrir utan bæ í sumar. Eins og nærri má geta langaði mig óskö́p mikið að komast á Þingvöll á Lýðveldishátíðina. Það átti að fara á búsbílnum, sem var gamall Ford, að vísu mjög mikið endurbættur og voða hljóðmikill. Á hann var sett stórt og mikið boddí. Ég veit ekki, hvað það heitir á íslenzku. Síðan var Fordinn reynslukeyrður, en það merkilega skeði, að hann bilaði. Ég ímynda mér, að vélin hafi dottið úr og týnst. Nú var ekki um annað að ræða en að hætta við ferðina og þótti mér það miður. Ég kynntist konu einni, sem var svo góð við mig eins og hún væri langamma mín. Áður en nokkur var kominn á fætur eða almennilega vaknaður 17 júní, barði langamma að dyrum en svo nemdi ég hana, (að) hún var ferleg ásýndum í olíu-kápu með sjóhatt. Hún flutti þau tíðindi, að ég gæti farið í sama bílnum og hún. Hann ók klukkan 8 í hlaðið. Síðan skundaði hún heim. Ég klæddi mig í ljómandi góðu skapi, og fékk mér kökur og mjólk, og síðan kom bíllinn. Ég fleygði mér út í hann, en langamma gaf mér brjóstsykur og súkulaði. Svo var lagt af stað



Það var fjörugt í bílnum, masað og ótalsinnum sungið Öxar við ána. Þegar á Þingvöll kom var dynjandi rigning. Til allrar hamingju hafði tjaldinu, sem ég átti að vera í, verið slegið upp kvöldið eða daginn áður. Komst ég því strax í skjól. Þegar stytti upp eða rofaði til fór ég út. Ég horfði á hátíðahöldinn að Lögbergi þau fóru fram í rigningu. Því næst fór ég heim í tjald. Þegar ég fór út aftur, hitti ég Guðmund. Hann var að bíta að tjaldi pabba síns og var allur rennandi blautur og glorhungraður, svo ég keypti okkur súkkulaði og ís. Að lokum fundum við systur Gvendar og sísaði hún okkur á tjaldið. Við horfðum á byrjunina af íþróttasýningunni og hittum þar Albert eða Gosa. Það kom svo mikil rigning, að ég fór heim. Svo fór ég aftur, þegar ég var búinn að fá mér mjólk og brauð, og horfði ég þá á endirinn á sýningunni. Leitaði svo að Gvendi því að við ætlöðum ætlöðum að taka saman bát á leigu út á ána. Ég fann hann ekki og leigði mér því bát einn. Þar hitti ég Gvend og var hann búinn að róa út á vatn með frænda sínum. Á ánni voru miklu fleiri bátar og hvolfdi einum þeirra. Ég fór og hjálpaði drengjunum að koma bátnum á réttan kjöl, enda stóð líka skírum stöfum aftan á bátnum, sem ég var með, nafnið Ægir, og Ægir er björgunarskip. Nú var klukkan orðin nokkuð margt og flýtti ég mér að ná í bílinn. Hann lagði af stað klukkan átta.



LANGAMMA

samið af Inga Erlentsini




Örn. H. skrifaði

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Síðastliðin vika.

Ég hef lítið að segja um síðastliðna viku. Það var alltaf skautasvell, nema einn eða tvo daga, og þótti mér það skemmtilegt. Við sjáum mjög vel út á tjörn úr skólanum. Við sjáum alltaf krakka, sem voru að renna sér á skautum, það var því ekki sem best að hafa hugann við bækurnar, enda voru krakkarnir alltaf að spyrja hvert annað hvort þau ætluðu á skauta þegar skólinn var búinn þann daginn hélt hver heim til sín glaður yfir því að vera laus. Flestir mættust svo litlu seinna niðri á tjörn, hver með sína skauta. Síðan fórum við í eltingaleik eða einhvað að leika okkur. Svona liðu dagarnir, hver af öðrum, og áður en varði var kominn föstudagur. Nú var öllum hugsað til stílsins. Ég fletti upp í skólaljóðunum og fór að skrifa minn. Það gekk nú svona og svona. Mér fannst hann vera svo mikil fádæmisvitleysa, að ég var að hugsa um að henda honum; en ég hætti samt við það. Laugardagurinn leið eins og hinir dagarnir. Skólinn hann var mjög leiðinlegur þessa viku, það hefur nú kannski verið skautasvellinu að kenna. Samið hefur (Kristín Sigtryggsd. 13-E)

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 17. júní.

17 júní er þjóðhátíðardagur okkar Íslendinga. Þá fæddist Jón Sigurðsson árið 1811 á eyri við Arnarfjörð. Jón Sigurðsson barðist mikið fyrir frelsi Íslands, og þess vegna höldum við daginn hátíðlegan. 17 júní árið 1944 var lýðveldisdagur okkar, Íslendinga, því að þá varð Ísland sjálfstætt.

Athöfnin fór fram á Þingvöllum hinum forna og fræga þingstað. Ég fór til Þingvalla með Denga. Pabbi ók okkur þangað ásamt fleira fólki sem ég þekkti ekki.

Veðrið var slæmt alltaf rigning nærri stanzlaust. Við lögðum af stað frá ~~m~~ Reykjavík klukkan 11. þann 17. Við vorum lengi á leiðinni því að ~~þ~~ vegurinn var þéttskipaður af bílum eins langt og augað eygði. Þegar við vorum komin þangað gengum við niður almanna-gjá. Þegar við komum að Lögbergi stóð þar öskjusin öll af fólki sem leitaði sér skjóls undir klettunum. Við fórum þangað og biðum átekta. Eftir nokkurn tíma kom forsetinn herra Sveinn Björnsson og við hlið hans



gikk biskup íslands hr. Sigurgeir Sigurðsson og á eftir þeim gengu alþingismennirnir. Allir heldu ræðu á Lögbergi. Þegar því var lokið söng þjóðkórinn undir stjórn Páls Ísólfssonar. kl 12. borðuðum við matinn sem við höfðum meðferðis. dagurinn leið óðar. Við fórum að hugsa til heimferðar. Klukkan tíu um kvöldið lögðum við af stað frá Þingvöllum við komum seint heim. Þegar ég var komin heim háttaði ég og sofnaði vært.

(Samið og skrifað hefur ?



G. Jensd. 18. júní 1944.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Á leið niður Vesturgötu

Það var hjarna um daginn að eg var að ganga niður Vesturgötu og var að fara heim
Það var hálfgert rok úti og leiðindaveður
Það gengu þrjá konur á undan mér Allar voru þær ákaflega fínar með sig Alltaf voru þær hálf dettandi því að það var hálgt á gangstéttinni. Eg hafði mjög gaman að horfa á þær. Þær heirðu líka að eg var að hlæja að þeim. Eg var búinn að ganga spottakorn þegar eg vissi ekki firr en eg rann beint á rassinn. Mér dauð-kendi til. Þá byrjuð kerlingarnar að hlæja og sneru sér alveg við til þess að sjá hvernig eg tæki mig út Eg spurði á hvern þær væru að glápa þá hættu þær að hlæja og urðu fokvondar og sögðu að mér hefndist fyrir að hlæja að ókunnugu fólki. Þá stóð eg upp og spurði hvað þær væru margt fólk. Þær sögðust vera þrjár eins og eg sæi. Eg fór að velta þessu fyrir mér og sagði
Já einmitt það. Þrjár fólk það var nú betra svo helt eg leiðar minnar.

Hulda Ágústsdóttir samdi og skrifaði

1





# VÍÐFÖRULL.

## 8.TB 4.ÁRG.

Ritstjórar eru Theódór, Árni og Rúdolf.

### Þrumurnar

Á bæ einum í Kelduhverfi var karl nokkur smáskrítinn, er Einar hét. Um það leyti var Kristján Fjallaskáld vinnupiltur þar. — Einn morgum er allt fólkið komið á fætur, nema Einar karl og kerling hans, er Sigríður hét. Þá segir Einar við dreng, sem þar var og líka hét Einar: » Hvaða óskaplegir skruðningar eru þetta; það hljóta að vera komnar þrumur! Farðu út, Einar, og gættu að veðri«. Drengurinn gerir það, kemur svo inn aftur og segir, að ekki geti það átt sér stað að það séu þrumur, því að ekki sjáist skýhnoðri á lofti og sólin sé að koma upp. Eftir nokkra stund segir karl: » Enn þá kemur það. Hvaða óskaplegir drynjandi er þetta! Ef það eru ekki þrumur, þá hljóta það að vera skriður úr Miðhúsafjalli. Farðu út, Einar, og gáðu að því«. Drengurinn fer þá aftur út, kemur inn að vörmu spori og segist ekki sjá þess nein merki að skriður hafi fallið úr Miðhúsafjalli.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá segir karl drykklanga stund, þar til er hann segir: »Eitthvað hlýtur það að vera, því að nú skal eitthvað á baðstofumanninum; ef það eru ekki þrumur, þá veit eg ekki hvað það getur verið«. Nú hlustar hann dálitla stund og segir svo: »Sko hagan ~~nú~~! það hefur verið hún Sigríður mín að klóra sér«.

skrifað hefur Theódór

## Bardaginn.

Ég ætla að segja fyrir ykkur einum ~~skemtilegum~~ skemmtilegum sunnudegi.
Ég var búinn að moka flórinn og ætlaði að fara að hafa fataskipti, en þá datt mér í hug að fara bara í skítuga gallanum.
Ég ætlaði nefnilega að fara að veiða silung. Daginn áður hafði ég farið ofan í fjöru til þess að tína spýtur og annað nýtilegt úr henni. Ég byrjaði sjálf, en þegar ég var ~~nær~~ að verða búinn, sá ég einhvern koma á móti mér. Þegar hann ~~ég~~ kom nær sá ég að þetta var elsti „Mýrskitarinn" en það voru voru bræðurnir frá Mýrum kallaðir. Hann hafði verið að tína úr fjörunni hjá sér. Við töluðum lengi saman. En þegar við skildum ákváðum við að hittast á vatninu daginn eftir.



Piddi yngsti bróðir hans, hafði frétt að Jón á Hrauni hefði fengið sex hundruð stykki í seinasta drætti.
Ekki meira um það. Svona stóð þá á því að ég ætlaði á veiðar. Ég lagði af stað ofan túnið. Bíddu við, það var víst betra að hafa með sér sundskýlu, ef til ryskingja kæmi að veiðunum loknum. Ég fór sem leið lá niður að vatni, þar voru Mýrskitar komnir með bátinn. Ég óð út að bátnum og þeir hjálpuðu mér upp í hann. Við rérum út með vesturbakkanum og sungum fullum hálsi. Við stigum á land og settum netið upp í bátinn. Ég og Konni fórum í bátinn, hann réri en ég beið við netið. Fyrst rérum við beint út, þangað til strákarnir, sem í landi voru, kölluðu, að við mættum ekki fara lengra, þá beygðum við til hægri, og ég fór að kasta netinu út. Allt gekk vel. Við komum að landi skammt frá ~~s~~inum. Ég hljóp til þeirra og hjálpaði þeim. Og svo var netið dregið að landi. Í því voru aðeins tuttugu. Okkur fannst það lítið. Við drógum þrisvar í viðbót, og fengum ~~þrj~~ átta og tvo í hlut. Þegar við vorum að ganga frá netinu kallaði Piddi: „þarna kemur bátur" „þetta eru Keldusvínin" sagði Stebbi. Við flýttum okkur í sundskýlurnar. Eftir stutta stund vorum við albúnir til orustu. Hinir komu á fleygiferð, þegar þeir voru komnir á móts við okkur, kölluðu þeir „Mýrskitar, Mýrskitar" en við kölluðum á móti „Keldusvín Kelduvín"
Svo stukkum við í bátinn og ...

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeim

birginn. Þeir tóku upp árarnar til þess
að lumbra á okkur með þeim. Við aftur
á móti settumst allir undir árar
við ætluðum nefnilega að ráðast til
uppgöngu í bátinn. Við vorum komnir
á allmikla ferð, en þá datt mér í hug
að árekstur mundi vera heppilegri,
vegna þess að þeir stóðu allir
annarsvegar. Ég hætti að róa. og sagði
Stebba að gera það líka. Þegar við
hættum að róa, tók báturinn auðvitað
skakka stefnu og rakst á hinn bátinn
Nonni sem, sem stóð fremstur datt
útbirðis, ásamt austurtroginu, og var
þar með dauður samkvæmt lögunum
Sá sem næstur stóð datt í bátinn
en hinir stóðu. Nonni var þegar
farinn að berjast við þá. Stebbi
var að hjálpa Pidda, sem hafði
dottið hálfur út úr, og var því
ekki nema særður Ég stökk út
í hinn bátinn og helt þeim
niðri sem hafði dottið. Vegna þess
að ég var ekki maður til að
henta honum út. Þegar Stebbi var
búinn að dröslа Pidda upp í
bátinn, hjálpaði hann Nonna að
koma hinum tveimur útbirðis
svo hjálpuðu þeir mér ~~að~~ sem var
orðinn undir. Við fórum að landi
sem sigurvegarar. Piddi varð að
liggja í bátnum til lands.
Því hann var særður. Þess skal
loks getið að næst þegar við hittumst
á vatninu, biðum við algerann
ósigur.

Árni Jón Pétursson



# Sögur frá Kenya

Þjóðflokkur, sem býr í þeirri sveit Kenya,
sem eg bý í, er kallaður ~~(Ky)~~ Kikuyu. Fyrir
nokkrum árum stjórnaði þessum þjóðflokki hvítur
maður, sem kallaði sig konung Kikuyu. Nafn hans er
~~(Johon)~~ John Boyes. Eins og allir ævintýramenn hafði
John Boyes margar undarlegar sögur að segja.
En hann sagði, að sumir af gömlu landkönnuðunum
voru vanir að ýkja sögur sínar dálítið, þegar
þeir sögðu þær við varðeldinn. Til dæmis sagði maður
nokkur frá því, hvernig ~~(naþir)~~ nashyrningur réðist
á fangalest, þar sem 10 fangar voru hlekkjaðir
saman. Hann festi hornið í keðjunni og dróg svo
alla fangana á eftir sér inn í skóginn í
gegnum runnana.

Annar sögumaður sló þennan undir eins út
með því að segja, að hann kynni svipaða
sögu. ~~(Flestir)~~ Fanga lest með 12 mönnum, sem hver
bar tóman olíudunk, var send til þess sækja vatn.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þegar foringinn setti dunkinn ofan í vatnið glefsaði risastór krókódíll í hann og dróg hann ásamt öllum skaranum ofan í vatnið og (át) át þá síðan hvern af öðrum, „alveg eins og þú mindir éta vínber af grein! Uhm," bætti hann svo við. Þetta eru nú auðvitað ýkjur, en hér kemur sönn saga, sem skeði nýlega. Ljón nokkurt hafði haldið vöku fyrir tjaldbúðum á nóttum með öskrum sínum og óhljóðum, svo að hr. X sagði: „Nú skal ég ná þessum dóna í nótt." Hann setti nautslæri fyrir utan dyrnar á tjaldi sínu. Þegar hann fór að hátta lagði hann riffilinn sinn tilbúinn á gólfið hjá rúminu. Síðan batt hann bandi um nautslærið, en hinum endanum í tær sér. Þegar ljónið kæmi og byrjaði að (f) éta beituna, þá mindi það vekja hr. X. sem mundi skjóta það. Þetta var góð hugmind, en því miður fór ekki allt eins og ráðgert var. (Uun) Um miðja nótt vaknaði hr X við það, að hann var dreginn harkalega út



úr tjaldinu og í gegnum þyrnótta runna á ofsahraða. Auðvitað kallaði hann á hjálp og hinir innfæddu (f) komu honum til hjálpar með logandi branda af varðeldinum. Hjálpin gekk vel, því það var ekki ljón heldur huglaus, en þó sterk hýena, sem þannig rofið svefn hans og eiðilakt áætlun hans.

Eftir Skátablaðinu X. árg. nov 1944 2. T.Bl.

Baten Powell: skrifað hefur Rúdólf.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VÍÐFÖRULL.

9. TB. 4. ÁRG.

Ritstjórar eru Ásdís Auður

## Heim

Ég vaknaði kl 8 morguninn, sem ég fór suður til Reykjavíkur úr sveitinni. Ég gat ekki sofið um nóttina. Það var svo mikill ferðahugur í mér. Ég hlakkaði svo til að koma heim. Við lögðum af stað frá Búðardal kl 12. Nú gerðist ekkert sögulegt. Í bílnum var mest fullorðið fólk. sem ekkert söng. Það var talað um daginn og veginn. stríðið og aftur stríðið. eins og það er nú leiðinlegt. Við vorum fjögur krakkarnir. en vorum samt það feimin. að við komum okkur ekki að því að byrja að syngja. Það var stanzað við Hvítárbrú og þar fékk ég mér mjólk og kökur í veitingarskálanum þar. Svo var haldið áfram og ekki stanzað fyrr en við Hvalfjarðarbotn við skálann þar. Hvalfjörður er nú þreytandi langur eins og allir vita. En mér fannst samt gaman að fara í kring um hann. sjá Harðarhólma. Þyril og fallegt útsýni. Veðrið var indælt. Við komum til Reykjavíkur kl 7½ um kvöldið. Mamma beið niðri á við Bifreiðastöð Íslands. Þá var nú fagnaðarfundur. Við tókum bíl heim með dótið mitt. Mikið var gott að vera komin heim. Um

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kvöldið lofaði mamma mér með sér í afmælisboð til vinstúlku sinnar. Þar vorum við til kl. 11. Þá fór-um við heim að sofa og þessi dagur var liðinn.

Samið hefur Oddný Þóra Björnsdóttir
Skrifað hefur Ásdís Óskarsdóttir

Ég á frænku, sem er ný flutt í bæinn. Hún á heima rétt hjá mér. Við ~~(ta)~~ erum alltaf saman, þegar við getum. Við förum oft í bíó saman. Stundum förum við á peysuföt, og þykjumst vera peysufatakonur. Einu sinni, þegar ég var að næla á mig skotthúfuna, þá stakk ég mig, svo að ég veinaði upp. Eitt skipti förum við heim til hennar, þegar við vorum að stökkva upp Vesturgötu, þá datt ég í pilsinu. Og þegar ég stóð upp, þá datt pilsið niðrum mig. En sem betur fer, var ég í kjól innanundir.

Samið hefur Guðríður Þorvaldsdóttir.
Skrifað hefur Auður Guðmundsdóttir.



# Réttirnar.

Ég hef verið í sveit undanfarin sumur. Norður á landi hef ég verið tvö sumur. En austur í sveit hef ég verið tvö ([redacted]). Fyrir austan hefur verið lang skemmtilegast að vera. Það því að maður fær að fara á hestbak, hvenær sem maður vill. Það var svo margt og mikið að gera. Það þótti mér skemmtilegt. Ég færði alltaf matinn út á engjar, náði í beljurnar, sótti hestana, passaði krakkana og margt, margt fleira. Ég ætla að segja frá nokkru skemmtilegu. Getið þið hvað það er. Það er frá réttunum. Daginn fyrir réttirnar var vont veður. Ég var alveg að verða vitlaus af hræðslu um að veðrið myndi verða eins á réttardaginn. En viti menn, það var sólskin og blíða allan daginn. Við lögðum ríðandi af stað snemma um morguninn í sólskinsskapi. Þegar við komum í réttirnar var allt orðið troðfullt af fólki. Allt var kvikmyndað, sem gerðist í réttunum. Karlarnir voru víst búnir að fá sér í staupinu og voru mjög kátir. Um klukkan tvö um daginn

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var haldid uppbod. Var bodinn upp hestur ad nordan. Audvitad var þad líka myndad. Karlmennirnir sungu mikid. Þegar uppbodid var, sungu þeir einhverja hestavísu. Þegar þeir voru komnir í midja vísuna, hrópadi einn karlinn. „Svo þad er kvikmyndad líka." Þad hlógu allir mikid ad þessu. Og einna mest mennirnir, sem tóku myndirnar. Ég skemmdi mér vel, þad sem eftir var dagsins.

Samid hefur Ásdís Óskarsdóttir.
Skrifad hefur Audur Gudmundsdóttir.

## Stíll

Ég veit nú eiginlega ekki, hvað ég á að skrifa um. Ég er að hugsa um að seigja frá dálitlu ferðalagi, sem ég fór í. Við lögðum af stað frá Reykjavík kl. 2. eftir hádeigi. Þetta var á laugardegi. Ferðinni var heitið til Þingvalla. Veðrið var yndislegt, blæjalogn, sólskin og hiti. Við vorum fjórar saman.



Þegar við komum austur, fórum við að leita okkur að tjaldstað. Við fundum hann brátt. Við tjölduðumnú í rólegheitum. og gekk það vel. Þegar það var búið. fórum við að staða okkur um. Á Þing-völlum sér maður alltaf eitthvað nýtt. Svo borðuðum við um kl. 9 og var frekar fjörugt meðan á borðhaldinu stóð. Síðan fórum við upp að Öxarárfossi og var þar margt fólk. Það fór nú að tínast smámsaman og vorum við nú einar eftir. Það var nú orðið nokkuð frammorðið og sólin sest. Þetta kvöld var yndislegt. Vatnið var spegilsslétt og himinninn rauður. það var gaman að sjá Þingvelli núna. Það heyrðist hvorki stun né hósti. það var allt kyrrt Maður sá tjöld á við og dreif allstaðar

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við vöknuðum nú eins og af dvala
og fórum að hugsa um að koma okkur
af stað. Við vorum nú ekki sofnaðar
fyrr en kl. 3. Við vöknuðum ekki
snemma. kl. var orðin 11, þegar sú
fyrsta vaknaði við flýttum okkur þá
á fætur tókum til í tjaldinu og
ýmislegt fleira Við borðuðum nú ekki
fyrr en kl. 1. Síðan fórum við ofan
í valhöll og keyptum okkur eitt
Morgunblað, fórum við upp í Almannagjá
og lásum hann þar. Síðan vorum
við þar góða stund, en fórum
síðar inn í Hvannagjá, þar var
margt fólk bæði sem höfðu tjölt
það kom í bílum ~~eða~~ úr bænum
eða gangandi einhverstaðar frá.
Við fórum nú þaðan sem flest fólkið



var. Það er lækur sem rennur þarna niður
í gjána og fórum við vaða þar og skemmtum
okkur alveg prýðilega. Síðan fórum við að skoða
köngulóavef, sem við sáum þarna Köngulóinn var
að spinna vefinn og var gaman að sjá það.
Við vorum svo niður sokknar í að skoða þetta að við
tókum ekkert eftir því að það var fólk rétt hjá okkur
Einn maðurinn kom til okkar og spurði hvor við hefðum fundið
eitthvað merkilegt Við fórum að skellihlæja beint framan
í auminga manninn Hann varð alveg hissa á okkur
og hefur víst hugsað eitthvað á þá leið að við hlytum að
vera eitthvað skritnar á geðsmununum. Fyrst að standa
þarna og glápa á eina Könguló sem er að spinna og svo
að skellihlæja að honum þegar hann spyr okkur. Hann
varð held ég hálf móðgaður yfir þessu öllu saman
en okkur stóð víst alveg á sama um þa því að við hlógum
bara áfram og skemmtum okkur hið besta. Kl. var
nú orðin rúmlega 5. og fórum við því heim í

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tjaldið okkar og tókum dótið okkar saman og fórum niður í Valhöll. Við borðuðum svo kvöldmat þar. Við lögðum svo af stað kl 8. síðdegis frá Þingvöllum Við fengum skemmtilegt samferðafólk og var sungið mikið í bílnum á leiðinni heim. Við komum svo í bæinn um kl. 9 glaðar og ánægðar með við burði dagsins

Samið eftir Kristínu Sigtryggsdóttir.



# VÍÐFÖRULL

10. tb. RITSTJÓRAR 4. árg.

Edda Erla Guðlaug H.

## Kvæði

Börnin í bekknum
búast í ferðalag,
þegar lestri er lokið,
ljúfan sólskinsdag.

Þá er gleði og glaumur
í góðum kassabíl
því enginn krakki á þá,
að eiga neitt við stíl.



Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svo brunar maður í bæinn
blítt kvöld um sólarlag.
mikið hefur nú maður séð
þennan minnisríka dag.
Samið hefur Þórdís Sveinsdóttir

Víðförull.
Þrýðilegt er bekkjarblaðið
ber það nafnið Víðförull
stórum er það stílum hlaðið
slæðist nafnið Margsvöfull

Oddný G. Björnsdóttir

Vísa
Fengið hefi ég fiski að ná
fart til báði segl og rá
róið. skipt um reiðan sjó
og rastir þungar hitt þar á.
Guðmundur E. G.



Til Íslands.

Nú rísa fjöllin fannibarin úr sænum
fögur blá og há að sjá
og fleygið brunar inn að ~~sjá~~ hinum grænum
fóstru minnar sem ég mun jafnan þrá
Frammi í háum fjallasal
fagurt má þar kalla
himinblá er heiðríkan
en hreyfist stráið varla
Óttar Pálson samdi

Vísur
Maturinn er að koma
því ég er orðin svöng.
það er nú svona og svona
að vera mjó og löng

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Magga er að malbúa
mikið éttur Siggi
Villi er að latbúa
vísuna þið þiggið

Siggi er að er að lara
og ég er að skrifa skil.
Mamma er að skrala
og pabbi er að keyra bíl.

Halldóra Erla samdi.

Blaðabrall

Heyrðu laxi karlinn ~~minn~~ snjall
nú taktu eftir góði.
Hann Marteinn er með blaðabrall
af því er víst býsna gróði



Blaðið nefnt er Víðförull
því skaltu ekki gleyma.
Sögurnar sem ekta gull
þar er nú vert að geyma

Glaður segir Marteinn þú
drjúgur skildinganna er hnausinn.
En ég mér finnst því ekki að leyna nú
hann fari bara á hausinn

Ingi Erlendsson samdi

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þegar ég var strandaglópur.

Eitt sinn í sumar fór ég upp í Kjós. Við lögðum af stað klukkan 10 f.h. og fórum við frá sumarbústað í Mosfellsdalnum, en þar var ég í sumar. Veðrið var yndislegt, steikjandi sólskin og hiti. Vegurinn var ágætur, þangað til að við komum að Eyjum, þá fór hann að versna, því að lítil bílaumferð er þangað inneftir. Við við á Möðruvöllum en þar býr frændfólk okkar. Síðan lögðum við aftur af stað og fórum við þá yfir Laxá. Er hún mjög djúp sumstaðar. Þegar við vorum búin að akka svolitla stund, þá vorum við komin á áfangastaðinn. En það var í skóginum uppi við Pokafoss. Þegar við komum út úr bílnum, vissum við ekkert, hvert við áttum að fara. Svo sá ég í hvítan topp, og kom þá í ljós, að þetta voru tjöldin, en þau voru fjögur. Eitt eldhús svo var sofið í hinum. En fólkið var nú ekki heima, sem var í tveimur tjöldunum og þótti okkur það heppilegt, eins og þið seinna fáið



að heira. Við vorum mest allan daginn uppi við Pokafoss að veiða. Ég sá svo marga laxa, að ég ~~gat~~ gat ekki talið þá alla í einu, því að þeir voru aldrei kyrir. Ég sá einn, sem var alveg grafkyr. Ég hélt að hann væri dauður. Þá ætlaði ég að reyna að ná í hann. Synti ég þá út í ána, en þegar ég var komin að honum, tók hann kipp og synti burt. Þegar klukkan var um 10 fórum við að hugsa til heimferðar. Rann bíllinn niður brekku, sem þar var, en komst ekki í gang. Hann hafði þá bleytt sig í ánni. Til allrar hamingju var fólkið ekki heima sem átti heima í hinum tjöldunum, svo að við fengum að gista þar. Ég svaf ágætlega alla nóttina. En morguninn eftir þá var bíllinn orðinn þurr, svo að við komumst leiðar okkar. samið af Eddu Óskars skrifað af Erlu Sigþórsd

Skallavísur

Herra Einar kennari
líkar vel við alla
er hann fjarska mentaður
en hefur mikinn galla

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Biddu hérna snöggvast við
hann Einar er að kalla
á hann Martein sem gekk upp halla
og var með skalla

Dósent frúin Hanna fín
gólar fyrir alla
hún er núna fjarskar fín
en hefur engan skalla

Nú er Marteinn ruglaður
ætlar að fara að bralla
hann mun aldrei geta það
nema hann fái skalla.

Krakkarnir í skólanum
ætlaa að fara að bralla
ætla að selja Víðförul
fyrir Martein skalla.

samið af Eddu Óskars skrifað af Erlu Sigþórs.



## Sumarfrí í Í. K. skála

Við lögðum af stað frá Reykjavík, fimmtudaginn 24. ágúst. 1944 áleiðis (Al) til skíðaskála Íþróttarfélags kvenna í Vestur-Bugðu undir Skálafelli. Veðrið var sæmilegt. Þegar við komum í Stardal, fengum við lánaðan burðarhest. Við bundum nú faranguninn okkar á klárinn. En þegar við vorum að binda rörið, sem, við ætluðum að hafa á ofnin, kom húsbóndinn í Stardal og hjálpaði okkur að binda það. Þegar því var lokið, lögðum við af stað. Við gengum upp brekkuna, svo tók við mýrin. Hún var löng og blaut. Við tókum nokkrar myndir á leiðinni. Þegar við komum uppeftir, tókum við af hestinum faranguninn. Við settum bakpokana inn í eitt rúmið. Þegar við vorum búnar að því, fórum við út. Eg leit á klukkuna og vorum við þá búnar að ganga rúmlega klukkutíma. Við fórum út hesturinn beið okkar þar. Við tvímenntum niður á mýrina. Þar skildum við við hann. Við gengum upp eftir aftur. Þegar við komum

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þangað. klæddum við okkur úr sokkunum, því að við vorum rennandi blautar. Við vorum í rauðum sokkum og þeir lituðu fæturna á okkur rauðar. Þegar við vorum búnar gengum við inn og bjuggum um okkur og sofnuðum vært. Svona liðu dagarnir óðar, það var næstum því alltaf rigning nema í tvo daga og þá var nú gaman. Þá hlupum við niður á Þingvallaveg í sundbolunum. Síðasta daginn fengum við aftur lánaðan hest og bundum faranguririnn okkar á hann og fórum niður í Stardal. Þar beið okkar bíll frá, B.S.R. Hann ók okkur heim. Okkur þótti voða gaman og við ætlum næsta sumar austur í Öræfi. Ég er farin að hlakka mikið til.

Samið hefur Guðríður Jensd.
Skrifað af Guðlaugu Konráðsd.






# VÍÐFÖRULL

11. Tb. 4. ÁRG.

Ritstjórar eru Guðm. E.G. Guðlaug Sverris



Kátt er á jólunum.
(~~koma þau senn.~~)
Þessir skemmta sér vel.
Heima hjá jólasveininum sem kom með jólagjafirnar til mín.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur




Þetta er jólasveinninn sem kom til mín með gjafirnar er hann þarna að leggja af stað heiman frá sér.




Þarna kemur hann til bæjarins.






Þarna er hann á leið upp Bankastræti og ætlar hann upp í bæ.




Er hann þarna á leið vestur í bæ.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur




Þessi jólasveinn hann hét Kjötkrókur.






## Í sumar.

Í sumar var ég í sveit.

Ég var vestur í Arnarfirði, þar í litlum fyrði, sem heitir Reykjafjörður, ég hefi verið þar í fjögur sumur. Rafn sem var í bekknum var þar líka. Við höfum leikið okkur saman í þessi fjögur sumur, sem ég er búin að vera í sveit. Það er sundlaug þar, og við förum oft í hana saman, förum ~~~~ á berjamó og margt fleira. Við rákum kýrnar og mokuðum fjósið til skiptis, við reiddum líka heim til skiptis. Sá, sem ekki fór með, hann var heima að rifja og ýmislegt að snúast. Ég var ekki kominn fyrir sauðburð. Fór ég fremur seint þangað í vor. Fyrst eftir ég kom, var verið að byggja 120 kinda fjárhús og var þá ekki hægt að byrja á slættinum á réttum tíma. Við Rafn eigum báðir kindur.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mín kind er 3 vetra og eignaðist hún gimbur í sumar. en Rafns kind er 5 vetra og eignaðist hún hrút.

Samið og skrifað hefur Guðm. E. G.

## 17. júní.

Hinn 17. júní vaknaði ég snemma morguns. því að það var kominn í mig ferðahugur. Er ég kom kl. 10 þangað. sem bifreiðarnar, sem flytja áttu fólkið til Þingvalla var þar fjöldi fólks þar saman kominn, en engar bifreiðar. Ekki þurfti nú lengi að bíða. sem betur fór. Brátt fóru bifreiðarnar að koma eftir Lækjargötu. en ekki gekk sem best að komast upp í bifreiðarnar. því að fólkið tróðst að bifreiðunum. en fyrir allan troðninginn komst ég nú samt sem sagt strax uppí í eina áætlunarbifreið frá Steindóri. Gerðist nú lítið á leiðinni. Við stönsuðum nokkrum sinnum til að bæta á vatnsgeyminn því að hann lak. Er við komum að Kárastöðum.



sem eru skammt frá Þingvöllum. náði bifreiðaröðin alla leið til Þingvalla og fórum við jafn hægt og gangandi maður það sem eftir var af leiðinni. Þingmennirnir. biskup og ríkisstjórinn voru gengnir á lögberg. er ég kom. Hlustaði ég á ræðurnar. fór ég þá þaðan og ætlaði að tjaldbúðunum. Fór ég þá yfir brúna, en pabbi og mamma fóru yfir aðra brú sem var neðar og týndi ég þeim þá. Hélt ég samt áfram heim að tjaldbúðunum og þar hitti ég þá Inga í mínum bekk, og fórum við þá saman þangað, sem leikfimin var, hittum við þar Gosa. En þegar leikfimin var nýlega byrjuð skeipti á miklu skúr. Ingi rauk þá upp og hljóp af stað og sagðist ætla að fá sér regnkápu. en ég ætlaði að bíða eftir honum, en þegar mér var farið að leiðast, sá ég frænda minn. þá fór ég með honum niður að vatninu. en á leiðinni hitti ég systur mína, og sagði

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hún mér, hvar tjaldið var. Fór ég þá þangað
og fékk mér að borða. Héldum við svo áfram
niður að vatninu og fengum okkar sinn bátinn
hvor og vorum að róa á vatninu, þar til
ég átti að fara heim um kvöldið. Á vatninu
hitti ég Inga, og var hann líka á bát. Ekki
man ég nú, hvað báturinn hét, en það var
gott, ef hann hét ekki Óðinn. Fór ég svo
upp á Almannagjárbrúnina og fór í
áætlunarbifreið heim.




Samið og skrifað hefur Guðm. E. Guðjónss.



## Síðastliðin vika.

Þessi síðastliðna vika hefur verið
mjög skemmtileg, eftir því sem mér
finnst. Og mesta skemmtunina hefur
verið á skautum. Ég hefi farið á skauta
næstum því á hverjum degi. En ef
kennarinn minn hefði ekki gefið okkur
frí við að vinna heima, þá hefði ég ekki
getað skemmt mér svona mikið, því að
í byrjun skólans sagðist hann ætla
að fara hægt með okkur af stað, en
síga svo á. en fyrir mitt leyti segi ég, að
ég hafði nóg með að læra það sem hann
setti okkur þá fyrir og hvað þá þegar liðið
hefði á veturinn en þetta hefur gerbreytzt, því það
er mikið minna að læra núna en í byrjun
skólans. Krakkarnir í mínum bekk eiga flestöll
skauta, hittumst við því oft á skautum, förum
við þá oft í eltingaleik. Vorast ég til að skauta-

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svellið verði lengi ennþá, svo að næsta eða næstu vikur geti orðið eins skemmtilegar og sú síðasta. Skrifað og samið hefur Guðm. E. Guðj.

# Í matreiðslu.

Ég hefi nú ekki verið í matreiðslu, þótt ég ætti að skrifa um það.

Í eldhúsinu, sem matreiðslan er, eru gasvélar að ég held, sem þær baka í steikja, sjóða og margt fleira. Svo eru mörg borð í eldhúsinu, sem þær borða við, það sem þær matreiða. Þar er púlt, sem kennarinn situr við, meðan hún er ekki að leiðbeina nemendunum. Ég held það hljóti að vera leiðinlegt fyrir hann að þurfa að vera þarna, meðan nemendurnir eru að borða og fá ekkert sjálfur nema lyktina. Nemendunum er skipt niður í flokka og hverjum flokki er skipt þannig, að ein er húsmóðir, önnur sýður súpuna, þriðja sýður aðalmatinn, fjórða



sýður jarðepli sú fimmta bakar, sjötta og síðasta þvær þvott. Ég hefi aldrei fengið að fara inn í eldhúsið. Ég hefi oft reynt að fá að fara, en annað hvort hefur Siggi klosett tekið mig eða eldhúsið hefir verið læst. En það sem ég veit, er af því ég hefi alltaf farið á gluggann, þegar ég hefi ekki fengið að fara inn og ver þar þangað til ég hefi verið rekinn.




Samið og skrifað hefur Guðmundur [illegible]

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skemmtiferð.

~~Snemmd~~ Snemma morguns ganga tveir drengir niður að höfn. Þeir eru ferðbúnir og með bakpoka á bakinu þeir ganga rakleiðis niður á eina af bryggjum í Rvík. fara þar um borð í lítinn seglbát, sem lá við bryggjuna. Báturinn er ekki smíðaður til að fara á langsiglingar eftir stærðinni að dæma. Þetta er lítill hvítur skemmtiferðabátur og heitir Röskur. Drengirnir taka af sér bakpokana ~~to~~ leysa bátinn og ýta frá. Annar drengjanna sest við stýrið, en hinn fer framá og heisir fokkuna. En þegar komið er skamt frá bryggjunni er stórseglið dregið upp tekur þá báturinn snögg viðbragð eins og þegar maður slær í hest sinn. Báturinn tekur fljótt skriðið, því að byrinn er góður og báturinn léttur. En rétt á eftir okkur fer annar siglari brunandi út úr höfninni. Þar eru líka strákar á þeim bát, nema þeir eru þrír og vonast eftir að lenda í eitthverju ævintýri. Þeir sjá til ferða okkar Edda og hugsa sér að ráðast á okkur. Þeir höfðu bara uppi fokkuna, er þeir sáu til okkar en heisa strax stór-seglið og sigla á eftir okkur. Bátarnir skriðu svona álíka. En strax og við Eddi tókum eftir, að hinn siglarinn veitti okkur eftirför, breyttum við stefnu bakvið stóra eyju, sem var þar skammt frá. Tókum við þá eftir því, að það var smá vík, sem var þar á eyjunni. Sigldum við þá þar inn. Og er við komum þar inn, sáum við, að víkin lá fyrir smá tanga, fórum við á bakvið tangann og lentum þar bundum
við bátinn vel og felldum mastrið til að það gnæfði ekki yfir tangann, fórum við síðan í land og gengum út á tangann öðru megin við víkina lögðumst við þar niður, og ekki leið á löngu þar til strákarnir komu brunandi en ekki inn í víkina þar sem við vorum heldur áfram, risum við þá upp og hlupum að bátnum heistum bæði mastur og segl og brunuðum út úr



vognum og tókum sömu stefnu og áður.
Ætluðum við að fara að stóru og háu fjalli, skilja bátinn eftir í fjörunni og ganga upp fjallið til að skemmta okkur. En við vorum varla búnir að taka stefnuna og hagræða seglunum, er við sáum að strákarnir höfðu tekið eftir okkur og búnir að snúa bátnum áleiðis á eftir okkur. En þeir voru komnir það langt framhjá okkur, að það var á móti að sækja og urðu þessvegna að krusa til að geta stefnt í sömu átt og við. Við vorum nú vel settir með þetta og vorum þessvegna rólegir. En er við komum að landi, sigldum við lengi með landi til að reyna að villa strákana og földum síðan bátinn og hlupum til baka og stóðum í fjörunni beint í þeirri átt sem hinn báturinn stefndi að landi en þeir komu ekki heldur beygðu þeir í sömu átt og við fórum til að fela bátinn. Ætluðum við að fara að kalla til strákanna til þess að þeir færu ekki þangað, sem við földum bátinn, því að þá tækju þeir bátinn og allt sem í honum væri og gerðu, já, ég veit ekki hvað. En þá vildi svo vel til, að einn af strákunum sá til okkar Edda, þar sem við stóðum í fjörunni en við tókum til fótanna og hlupum upp í skóginn, sem var í fjallshlíðinni. Földum við okkur þar vel. Strax og báturinn strákanna kom í land, fór einn stærsti og sterkasti hlaupandi upp í skóginn og ætlaði að veita okkur eftirför til að við gætum ekki falið okkur. En þegar hann var kominn vel inn í skóginn, læddist Eddi framfyrir hann og lét hann sjá sig þá réðist strákurinn strax á Edda, en Eddi lét hann fella sig, en kom og þá að honum án hans vara og greip fyrir munninn á honum og felldi hann afturábak. Reis Eddi þá upp og hjálpuðumst við að binda hann. Vorum við varla búnir að ganga frá honum, er við heyrðum í hinum strákunum og hlupum burt, því að ekki var gott að láta þá vita, hvar þessi strákur var, sem við vorum búnir að ná. Strax var bót í að hafa náð þeim sterkasta og stærsta, en ekki var allt búið en nú var eftir að ná hinum tveim. Leituðu strákarnir nú lengi, en fundu okkur ekki, ákváðu

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeir þá að fara í sitt hverja áttina og taka vel eftir öllu, sem þeir bæði sæu og heyrðu. Tóku þeir, hvar þeir ætluðu að mætast. Lögðu þeir svo af stað í stóran boga. Við Eddi lágum bakvið eitt hið næsta tré hjá þeim og höfðum því heyrt allt, sem þeir höfðu talað saman. Áræddum við nú að elta sinn hvorn, því að við héldum, að þá er við værum búnir að ná væri sterkastur, svo flyttum við okkur á eftir sinn hvorum mótstöðu manni okkar. Fyrsta tækifærið, sem ég sá mér fært til að ráðast á strákinn þó ekki væri gott voru þar því holur.

Hófst þar harður slagur og svo jafn að ekki mátti milli sjá, kom þá það óhapp fyrir mig að hrasa. henti strákurinn sér ofan á mig og hafði þar með yfirhöndina. Kom hann svo á mig böndum og varð ég bara að láta mér lynda að ganga við hlið hans og vonast til að Eddi gæti bjargað mér.

Loksins, þegar við vorum komnir á þann stað, sem þeir ætluðu að hittast aftur, sat strákurinn þar: „Jæja, nú er ég búinn að ná öðrum þessara ræfla" sagði strákurinn hróðugur, sem kom með mig. Létu þeir mig leggjast niður og bundu mig nú en betur, fóru þeir síðan að spyrja mig hvar strákurinn væri sem hafði verið með þeim á bátnum og sagði, að við hefðum tekið hann fastan, og hann væri þarna úti á næsta hrygg í austur, spurðu þeir mig síðan hvar hinn strákurinn væri, sem var með mér ég sagðist hafa týnt honum í skóginum. Fóru þeir þá báðir af stað í þá átt, sem ég sagði þeim, að strákurinn væri, en var náttúrulega þver-öfug leið. Til allrar lukku gafst Edda ekki tækifæri til að ráðast á hinn strákinn á leiðinni eins og við vorum búnir að ákveða, því að hann var svo var um sig. Núna kom það sér vel. því að ég þurfti ekki að bíða lengi eftir að strákarnir voru farnir, því þá skaust Eddi til mín og leysti mig. Ákváðum við að við skildum ná strákunum en áður ætluðum við niður í bátinn okkar til að fá okkur að borða. því að kl. var 3 og við vorum ekkert búnir að



borða. Gerðum við nú þetta, en þegar við komum aftur þangað, sem strákurinn var, sem við vorum búnir að taka fastan, voru hinir strákarnir búnir að finna hann og voru að hamast við að leysa hann. réðum við þá á strákana, sem voru að losa hinn strákinn og hafði ég þá strákinn, sem hafði tekið mig áður. Eins var með Edda hann hafði strák, sem hann réðist á og vorum við þá búnir að ná öllum strákunum. Spurðum við þá af hverju þeir hafi verið að elta okkur. Strákarnir sögðu, að þeir hafi gert það að gamni sínu. Þótt þeir hefðu eyðilagt fyrir okkur þessa gönguför á fjallið, þá var þetta mikið skemmtilegra, en við þóttumst vera vondir og létum þá sverja að elta okkur ekki lengur. Strákarnir lofuðu því leystum við þá og fórum um borð í siglarann og sigldum ánægðir áleiðis til Rvík. og er þetta ein förin af skemmtilegustu förum okkar Edda á kappsiglaranum. En strákagreyjin urðu að bíða þar til við vorum komnir til Rvík. höfðu því þeir verið búnir að lofa að elta okkur ekki.



Samið og skrifað hefur Guðm. E…

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Það sem mér hefi mest gaman af.

Það er mjög gaman á fiskiveiðum. Til dæmis á skaki og á smokk. Ég hefi oft farið á skak. Ég á færi og allan útbúnað. Það ár sem ég var í sveit fékk ég þá alltaf að fara með. Það var í eitt sinn í fyrra, að ég var á skaki og fékk ég þá svo stóra þorska að ég átti fullt í fangi með að draga þá upp, sérstaklega, ef þeir voru þverhukkaðir sem kallaðer, þegar öngullinn krækist í miðjan fiskinn. Svo hefi ég nokkrum sinnum farið á smokk. Þarna í Arnarfirðinum sem ég var. er oft mikill smokkur á haustin. og þeir þá hver kenna á smokkveiðar. Ég hefi líka farið á slíkar ferðið. Maður rennir færinu örstutt niður, og þegar hann festist á önglinum, dregur maður upp. En þegar hann kemur uppúr sjónum, spýtir hann bleki og svo tvisvar sjó. Þeir, sem eru að þessskonar smokkfæri og smokkur veiðum, koma allir svartir á land af blekinu, sem hann spýtir. Sumstaðar, þegar smokkurinn verður uppi, sér maður sjóspýtur standa upp í loftið sem smokkurinn spýtir. Svo hefi ég farið einu sinni á lóða fiskiri það er mjög gamam línan hein









(Þarna er verið að leggja lóð og sést hvar línan liggur í sjónum)

Lögð í sjóin ~~og~~ á góðum fiskimiðum og lætur hana svo liggja þar til þeim ~~[illegible]~~ finst tími til að draga upp og hafa þá fiskarnir bitið á ~~[illegible]~~ krókana og festast og er oft fiskað mikið með að hafa þessa aðferð.

Samið og skrifað Hafur Guðmundur.



## Samtal.

Kenn.: Jæja Ari minn lastu nú nokkuð heima

Ari.: Já eitthvað svolítið

Kenn.: Og hvað lastu?

Ari.: Nú það sem hinir krakkarnir lásu.

Kenn.: Og hvað lásu þeir?

Ari.: Það sem þú settir okkur firir.

Kenn.: Og hvað setti ég ykkur firir

Ari Það sem við lásum

Kenn.: Og lastu sögurnar oft yfir?

Ari.: Ekki segi ég það

Kenn.: Hvað lastu þær ~~oft~~?

Ari Einu sinni

Kenn.: Hvað segirðu? þú sem áttir að lesa það

þrisvar eða fjórum sinnum

Ari.: Því nenti ég ekki

Kenn.: Þetta máttu ekki segja Jæja kantu þá

nokkuð í sögunni?

Ari Það er víst ósköp lítið

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kenn. komdu þá með sem þú kant?

Ari.: Hvar á ég að birja

Kenn.: Farðu með Óskuárin?

Ari.: Þá sögu kann ég ekki

Kenn Hvað seigirðu kantu hana ekki?

Ari.: Nei

Kenn.: Þið áttuð þó að lesa hana

~~Ari~~.: Það veit ég ekkert um

Kenn Lastu hana þá ekki

Ari Nei

Kenn. Þá hefur þú svikist um að lesa

Ari Það getur vel verið

Kenn Þú verður þá að ~~hafa~~ þessa sögu ~~næst~~

aftur og mundu að kuna hana betur næst

Ari: Já

Kenn.: En lærðir þú þá kvæðið

Ari Ég hafði ekki tíma til þess

Kenn.: Hvað varst þú að gera svo þú hafðir ekki

tíma til þess



Ari.: Ég var að lesa Hróa Hött

Kenn Hvað segirðu? að lesa Hróa Hött. En svikist

um að læra það sem þú áttir að hafa heima

Nú verður þú að sitja eftir þar til þú hefir lært

bæði söguna og kvæðið reiðbrendandi

Ari.: Já kennari.....

Kenn. En lastu þá nokkuð í dírafræðinni?

Ari Dálítið

Kenn Og hvað lastu í henni

Ari Ég las allt uppi aftur

Kenn. Lastu það einu sinni?

Ari Já þrisvar

Kenn Ertu nú viss um það

Ari Það getur nú verið að það hafi ekki verið nema þrisvar

Kenn.: Jaja

Ari Klórað sést Það getur nú verið að það hafi ekki verið nema einu sinni

Kenn. . En kanntu þá nokkuð?

Ari Já já ég kann allt.

Kenn Við skulum nú sjá til. Manstu eftir nokkru

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nagdíri sem lifir hér á landi

Nói: Já ~~refurinn~~ er nagdýr, eða kanske er það tófan

Kenn.: Nú, er refurinn ~~orðinn~~ nagdýr? En geturðu þá nefnt mér nokkra seli sem lifa hér við land

Nói. Já ég man ekki vel eftir þeim. Það er hnísan og kameldýrið

Kenn.: eru það nú selir. En hvað er þá stærsta spendýrið

Nói beljan hans pabba

Kenn.: (andvarpar) ertu nu alveg viss um það

Nói Nei það getur verið að beljan hans Jóns sé eitthvað stærri

Kenn (stinur) En hvað er þá minsta spendýrið

Nói Það eru ~~flugurnar~~ flugurnar og þær eiga allstaðar heima nema í Kína

Kenn. Þú segir ~~nokkuð~~ En hvar er þá Kína

Nói. (hissa) Kína? Kína er í Ameríku

Kenn (uppgefinn) Ég hef nú aldrei á æfi minni heirt aðrar eins vitleisur og alt hafa upp úr þér núna og þetta kallar þú að kunna lestu þetta alt upp aftur.

Nói.: Já kennari

Kenn.: En reiknaðirðu heimadæmin

Nói.: Já kennari

Kenn Lofaðu mér að sjá þau

Nói Já, það var satt ég gleimdi þeim

Kenn: Hvað seigirðu?

Nói.: Nú man ég það ég ~~gleimdi~~ tíndi reiknisbókinni minni

Kenn.: Þú hefur nú alltaf verið að tína í allan vetur. Það eru hyggindi sem í hag koma. Þú verður nú að sitja eftir meðan þú reiknar og lest það sem þið áttuð að hafa.

Nói.: já kennari

Kenn (snýr sér við)

Nói. Kennari!

Kenn.: Já hvað var það

Nói Má ég fara út?

Kenn.: (annars hugar) Já gerðu svo vel

Nói (laumast út).

Skrifað hefur Guðlaug Sverris

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bl.

## Skautaferð.

Ég hef nú bara farið einu sinni á skauta í vetur. Ég ætlaði að hitta systur ~~mína~~ mína út á tjörn. Mér leist nú heldur illa á svellið, af því það var svo mikið vatn á því.

Ég setti ~~nú~~ ~~á~~ mig skautana og fór að venna mér (~~á heim~~) Ég var nú alltaf að gá að systir minni, en ég sá hana hvergi, svo ~~að~~ ég hélt, að hún hefði farið heim og við farist á mis.

Ég tók mér ~~s~~ svolitla stund á skautunum. en allt í einu setur strákur fyrir mig

fótinn, svo að ég datt í bleytuna og varð öll rennandi blaut. Ég tók af mér skautana og fór heim, en þá var systir mín komin heim á undan mér.

Sólveig Einarsdóttir.

13 ára D.

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Víðförull, bekkjarblað, 13 ára E © Borgarskjalasafn Reykjavíkur